



Viðhorf útivistarfólks og ferðamanna til virkjana á Henglinum

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

Edward H. Huijbens
Eva Halapi
Heiða Aðalsteinsdóttir
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri
Sími: (+354) 460-8930
Rafpóstur: rmf@unak.is
Veffang: www.rmf.is

Titill: Viðhorf útvistarfólks og ferðamanna til virkjana á Henglinum

Höfundar: Edward H. Huijbens, Eva Halapi og Heiða Aðalsteinsdóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-08-2018

ISBN: 978-9935-437-68-6

ISSN: 978-9935

Forsíðumynd: © Orkuveita Reykjavíkur. Ljósmyndari: Ragnar Th Sigurðsson.

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Fyrri rannsóknir	5
Gögn og aðferðir	9
Rannsóknarsvæði	9
Framkvæmd könnunar	10
Svör við spurningum könnunar	13
Helstu einkenni svarenda	13
Ferðamáti svarenda.....	15
Afstaða svarenda til spurninga.....	16
Upplifun af svæðinu.....	16
Áhrif mannvirkja og innviða á svæði	29
Hengilssvæðið sem víðerni	35
Umræður og samantekt.....	40
Samanburður við fyrri rannsóknir	40
Víðerni og ferðamenn	43
Lokaorð	44
Heimildir.....	45
Viðaukar	47

Myndir og töflur

Mynd 1: Afmörkun athugunarsvæðis.....	10
Tafla 1: Róf afþreyingarmöguleika (ROS).....	5
Tafla 2: Fjöldi svara á hverjum stað eftir tímabilum.....	11
Tafla 3: Fjöldi svara á hverjum stað eftir vikudögum	11
Tafla 4: Kynja- og aldursskipting svarenda	13
Tafla 5: Samantekin einkenni svarenda.....	14
Tafla 6: Ferðamáti eftir kyni og aldri	15
Tafla 7: Staðir heimsóttir í ferðinni m.t.t. dvalarlengdar og úrtaksstað.....	15
Tafla 8: Afstaða til orðaparsins „náttúrulegt – manngert“	16
Tafla 9: Afstaða til orðaparsins „náttúrulegt – manngert“ eftir staðsetningu	17
Tafla 10: Afstaða svarenda til orðaparsins „kyrrt – hávært“	17
Tafla 11: Afstaða til orðaparsins „kyrrt – hávært“ eftir staðsetningu	18
Tafla 12: Afstaða svarenda til orðaparsins „aðgengilegt – óaðgengilegt“	18
Tafla 13: Afstaða svarenda til orðaparsins „fallegt – ljótt“	19
Tafla 14: Afstaða svarenda til orðaparsins „áhrifamikið – áhrifalítið“	20
Tafla 15: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með dvölinu á svæðinu?	21
Tafla 16: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með náttúru svæðisins?.....	21
Tafla 17: Virkjun á Hellisheiði/Hengli eykur möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu.....	22
Tafla 18: Virkjun á Hellisheiði/Hengli og uppbygging ferðaþjónustu í nágrenninu fara vel saman.....	23
Tafla 19: Jarðvarmavirkjanir eru betri kostur en vatnsaflsvirkjanir.....	24
Tafla 20: Jarðvarmavirkjanir eru betri kostur en vatnsaflsvirkjanir, eftir staðsetningu, dvalarlengd og tíma dags.....	24
Tafla 21: Það er rétt að nýta gufuafli á Hengilssvæðinu til raforkuframleiðslu	25
Tafla 22: Það er rétt að nýta gufuafli á Hengilssvæðinu til raforkuframleiðslu: Staðsetning og dvalarlengd	26
Tafla 23: Viðhorf til frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á hálendinu	27
Tafla 24: Afstaða til frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglandi.....	28
Tafla 25: Áhrif ólíkra mannvirkja á upplifun svarenda á leið um svæðið	29
Tafla 26: Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að heimsækja gestastofur vatnsafls- eða jarðvarmavirkjana?	30
Tafla 27: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu?	31
Tafla 28: Óæskileg og æskileg mannvirki á svæðinu að mati svarenda	31
Tafla 29: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu? Þjóðerni svarenda.....	32
Tafla 30: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu? Komið áður eða ekki.....	33
Tafla 31: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu. Staðsetning könnunar	33
Tafla 32: Vantar einhver innviði fyrir ferðamenn á Hengilssvæðinu?	34
Tafla 33: Hvaða áhrif hefur sú staðreynd að búið er að virkja á Henglinum á áhuga þinn á því að stunda útivist á svæðinu?	35
Tafla 34: Komstu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru?.....	36

Tafla 35: Hafa nálæg mannvirki, sem þú veist af en sérð ekki, áhrif á upplifun þína á víðernum/ósnortinni náttúru?.....	37
Tafla 36: Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?	38
Tafla 37: Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni? Samantekin svör	39

Inngangur

Þessi skýrsla er unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og greinir frá framkvæmd og úrvinnslu könnunar á viðhorfum útivistarfólks og ferðamanna til virkjana á Hengilssvæðinu sumarið 2017. Í skýrslunni er gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og þær túlkaðar í samhengi við fyrri rannsóknir hérlendis um sambærileg efni. Hér er sérstaklega horft til kannanna sem framkvæmdar voru í 3. áfanga rammaáætlunar (ramma 3) um vernd og orkunýtingu (lög nr. 48/2011). Þar framkvæmdi faghópur tvö könnun meðal ferðamanna sem hafði að markmiði að skoða áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist í kringum sjö virkjanakosti á landinu sem allir voru til umfjöllunar í ramma 3. OR sendi inn fjóra virkjanakosti til umfjöllunar í ramma 3; Meitilinn, Hverahlíð II, Þverárdal og Innstadal. Enginn þessara kosta rataði í könnun meðal ferðamanna vegna ramma 3. Í framhaldi af þessu ákvað OR að ráðast í gerð sambærilegrar könnunar meðal ferðamanna til að skoða og meta áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist á nýtingarsvæðum OR.

Meginmarkmið könnunarinnar er að afla gagna um viðhorf tiltekinna notendahópa til framkvæmda og mannvirkja á Henglinum og áhrif á upplifun og notkun þeirra á svæðinu. Gögnin munu nýtast meðal annars til ákvarðana um framtíðaruppbyggingu OR á svæðinu og þjónustu OR við ólíka notendahópa.

OR lagði áherslu á að könnunin á Henglinum væri samanburðarhæf við könnun meðal ferðamanna sem gerð var í tengslum við ramma 3. Virkjanakostir sem þar voru kannaðir voru bæði vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir. Þar af voru tveir jarðvarmavirkjanakostir nálægt höfuðborgarsvæðinu, annars vegar Seltún og hins vegar Trölladyngja. Að auki höfðu verið gerðar tvær kannanir meðal ferðamanna á Henglinum áður, annars vegar árið 2001 - 2002 í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðarvirkjunar (Rögvaldur Guðmundsson, 2003) og hins vegar árið 2006 í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Hverahlíðarvirkjunar (Jón E. Jónsson, 2006). OR þótti áhugavert að skoða viðhorf ferðamanna til svæðisins nú og bera niðurstöðurnar saman við þær sem fengust fyrir tíu og sautján árum. Ferðamönnum hefur fjölgað mjög frá því fyrsta könnunin var framkvæmd 2001 og eftir 2010 má segja að sprenging hafi átt sér stað. Nú er því góður tími til að draga nýja línu og afla grunngagna um svæðið sem nýtast í margvíslegum tilgangi.

Skýrslan er í fimm hlutum. Á eftir þessum inngangi verða kynntar til sögunnar helstu heimildir og fyrri rannsóknir á viðhorfum útivistarfólks og ferðamanna til virkjana. Því næst er kafli um gögn og aðferðir þessarar rannsóknar. Þar á eftir er lýsing á niðurstöðum og samantekt.

Fyrri rannsóknir

Hluti af umhverfismati fyrir virkjanaframkvæmdir er iðulega könnun meðal ferðamanna sem sækja svæðið heim, þó svo það sé ekki lögformleg skylda. Í þessum könnunum eru jafnan einnig könnuð viðhorf þeirra sem reka ferðabjónustu á svæðinu og reynt að leggja mat á fjölda þeirra gesta sem koma á það svæði sem til skoðunar er. Niðurstöður mats á áhrifum virkjana og tengdra framkvæmda á ferðamennsku og útivist er jafnan sú að hún hafi bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Niðurstaðan er frá því að vera nokkuð jákvæð eða jákvæð vegna bætts aðgengis í kjölfar framkvæmda og yfir í að vera talsvert neikvæð fyrir þann hóp ferðamanna sem sækist eftir náttúruupplifun og vill sem minnst sjá af mannvirkjum og öðrum ferðamönnum á ferðum sínum. Með öðrum orðum tekur áfangastaðurinn nokkrum stakkaskiptum með uppbyggingu mannvirkja tengdum virkjanaframkvæmdum. Fleiri komast nú á staðinn en ásýnd hans og upplifunargildi breytist.

Hér á landi hverfist umræða um virkjanir og áhrif þeirra á ferðamennsku og útivist gjarnan um þessa póla. Annars vegar að svæðið opnast fyrir möguleikum ferðamennsku og tækifæri til ferðabjónustu batna, hins vegar að ákveðnir hópar ferða- og útivistarfólks hætti að heimsækja svæðið. Til þessa hafa flestar rannsóknir um áhrif virkjanna á ferðamennsku og útivist byggt á viðhorfskvarða (e. *the purist scale*) og afþreyingarrófi (e. *Recreation Opportunity Spectrum – ROS*). Hlutverk viðhorfskvarðans er að greina ferðamenn í hópa útfrá viðhorfum þeirra til umhverfis og eiginleika ferðamannastaða. Þeim er skipt niður í eindregna náttúrusinna (e. *strong purists*), náttúrusinna (e. *purist*), almenna ferðamenn (e. *neutralists*) og þjónustusinna (e. *urbanists*). Þjónustusinnar hafa mest þol gagnvart innviðum en náttúrusinnar minnst (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016). Samhliða þessu er kynnt til sögunnar svokallað afþreyingarróf (ROS) en á því eru dregin fram mismunandi afþreyingarmöguleikar í umhverfi ferðamanna (Tafla 1).

Tafla 1: Róf afþreyingarmöguleika (ROS)

Heimild: Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson, 2007, bls. 11

ROS-flokkun	Víðerni	Lítt snortið		Náttúrulegt Vegir	Dreifbýli
		Engin vélknúin umferð	Velknúin umferð leyfð		
Lýsing á landslagi	Stórt ósnortið svæði, eingöngu mannvirki nauðsynleg vegna náttúru-verndar, engin þjónusta við almenning.	Meðalstórt svæði að mestu ósnortið. Aðstaða fyrir náttúruverndarstarfsemi og til að tryggja öryggi vegfarenda.	Velknúin umferð leyfð	Náttúrulegt umhverfi, nýting náttúruauðlinda í samræmi við umhverfið, lágmarks aðstaða fyrir vegfarendur.	Náttúrulegt umhverfi breytt, nýting náttúruauðlinda auðsjáanleg. Aðstaða og þjónusta á völdum svæðum fyrir mikinn fjölda notenda.
Stjórnun landsvæðis	Umferð vélknúinna ökutækja bönnuð.	Umferð vélknúinna ökutækja er að öllu jöfnu ekki leyfð. Boð og bönn eru til staðar en eru lítilsháttar.	Umferð vélknúinna ökutækja leyfð.	Eftirlit á svæði veitir fólki öryggistilfinningu.	Mikil umferð vélknúinna ökutækja.
Mannvist	Fáir gestir.				Margir gestir.

ROS flokkun er frá víðernum til dreifbýlis og undir þeim flokkum og þeirra sem á milli eru er landslag sem ber vaxandi einkenni mannvistar. Að sama skapi vex þjónusta og möguleikar til afþreyingar fyrir gesti. Hinsvegar höfðar hver möguleiki til afþreyingar mismikið til ólíkra hópa enda er gert ráð fyrir mismikilli uppbyggingu í tengslum við hvern möguleika. Hvað er byggt snýst svo um mat á því hvers konar ferðamennska hentar umhverfi hvers staðar og fer

eftir þeirri upplifun sem talið er æskilegt að bjóða ferðamönnum. Þar með er hlutverk mats á áhrifum fyrirhugaðra eða orðinna virkjanaframkvæmda tengt væntingum ferðamanna og ferðaþjónustu.

Með aðgreiningu í þjónustu- og náttúrusinna með samsvarandi rófi afþreyingarmöguleika hefur verið hægt að tala þannig um „jákvæð“ áhrif af innviðauppbýggingu, þar sem hún færir á staðinn hópa fólks sem hefur þol gagnvart slíkri uppbyggingu en um leið er hægt að tala um „neikvæð“ áhrif vegna þess að sá hópur fólks sem síður þolir slík manngerð inngrip í náttúru og landslag hættir að koma. Þessi aðgreining liggur líka til grundvallar þolmarkarannsóknum sem hafa náð hvað mest eyrum stjórnvalda og hagsmunaðila þegar kemur að stefnu og aðgerðum í þágu ferðamála. Þannig segir í *Vegvísi í ferðaþjónustu*, stefnumótunarplaggi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) að;

Ef gögn benda til að ferðamannasvæði nálgist þolmörk er lagt til að umferð ferðamanna verði stýrt þar sem við á, til að vernda náttúru og minjar, til að dreifa álagi og með hliðsjón af öryggissjónarmiðum (Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar, 2015, bls. 18).

Með sama hætti talar Anna Dóra Sæþórsdóttir (2014) en hún segir:

Mikilvægt er fyrir ferðaþjónustu sem byggir á viðkvæmri náttúru og ímynd hins óspillta og villta, eins og gert er hér á landi, að skipuleggja náttúruskoðunarstaði á sjálfbæran hátt og með tilliti til þolmarka ferðamennsku ... Rannsóknir á þolmörkum ferðamanna geta leiðbeint um hvers konar ferðamennska hentar hverjum stað þannig að náttúran þurfi ekki að gjalda fyrir og tryggja að sú ferðamennska sem stunduð er á svæðunum geti dafnað um ókomna tíð (bls. 24 og 26).

Þolmörk eru skilgreind á grunni fjögurra þátta. Fyrst er að nefna innviði þ.e. framboð ferðaþjónustu, skipulag og manngert umhverfi. Næsti þáttur varðar viðhorf gesta, það sem snertir upplifun og skynjun ferðamanna. Í þriðja lagi er litið til viðhorfa heimamanna til ferðamennsku. Í fjórða og síðasta lagi eru þolmörk hins náttúrulega umhverfis metin, þ.e. hversu mikið álag vistkerfi, gróður og jarðvegur þola. Með hugtakinu er leitast við að draga fram þá þætti sem hafa þarf í huga við skipulag og stefnumótun staða, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Einnig að varpa ljósi á æskileg markmið á hverjum tíma. Mat á áhrifum virkjanaframkvæmda á ferðamennsku og útivist snýr, eins og áður sagði, að viðhorfi gesta og heimafólks og gestir eru sem fyrr segir skilgreindir á grunni viðhorfskvarðans og afþreyingarrófs. Niðurstöður þolmarkarannsókna sem hafa verið unnar á Íslandi á undanförunum árum benda til þess að ferðamenn séu neikvæðir gagnvart mannvirkjum sem tilheyra framleiðslu á rafmagni og flutningi þar sem þau ríma ekki við þá upplifun sem fólk sækist eftir á náttúrulegum svæðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gunnþóra Ólafsdóttir 2003; Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2001; 2003; 2007). Þegar upplifun fólks rímar ekki við væntingar leita ferðamenn annað. Þetta má glögglega sjá í skýrslu Önnu Dóru Sæþórsdóttur,

Önnu Mjallar Guðmundsdóttur og Þorkels Stefánssonar (2016) sem unnin var fyrir Landsvirkjun um Blöndusvæðið. Þar segir:

Með hliðsjón af viðhorfskvarðanum eru almennir ferðamenn 65% þeirra sem eru á svæðinu í kringum Blönduvirkjun, 20% eru náttúrusinnar, 14% þjónustusinnar og 1% eru eindregnir náttúrusinnar. ... Í því samhengi er rétt að hafa í huga að svæði höfða til mismunandi notenda eftir því hvaða eiginleika þau hafa og hvaða aðstaða og mannvirki eru til staðar. Því verður að hafa í huga hvaða ferðamenn nýta svæði þegar áhrif mannvirkja á upplifun eru til athugunar.

Viðhorf ferðamanna á svæðinu í kringum Blönduvirkjun er jákvæðara gagnvart virkjunum en á þeim stöðum sem fjallað var um í 3. áfanga rammaáætlunar að undanskyldu Seltúni. Ein ástæða þess gæti verið að þangað komi annars konar ferðamenn en á hina staðina og að þeir geri minni kröfur til óspilltrar náttúru (bls. 91).

Svæðið í kringum Blönduvirkjun og tengd miðlunarlón er sannarlega manngert og raskað en viðhorf gesta sem nú sækja svæðið heim endurspeglar það ekki. Fyrir þeim rann það manngerða saman við náttúru í heildstæða náttúruupplifun. Nánari greining leiðir það hinsvegar í ljós að þarna eru á ferð almennir ferðamenn fyrst og fremst. Eindregna náttúrusinna er þar ekki að finna heldur halda þeir sig frekar á stöðum sem bornir voru saman við Blönduvirkjun úr 3. áfanga rammaáætlunar, svo sem Aldeyjarfoss, Hagavatn, Hólaskjól, Nýjadal, Seltún, Skagafjörð og Trölladyngju. Þessir staðir eiga það allir sameiginlegt að vera að mestu eða öllu leyti óraskaðir af virkjanaframkvæmdum.

Viðhorfskvarðinn hefur reynst gagnlegt greiningartæki til að átta sig á því hvað ferðamenn eru ólíkir og hafa ólíka hvata og væntingar þegar kemur að náttúru en einnig öðru sem að ferðavöru og upplifun snýr. Þannig minna Gunnþóra Ólafsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017) á:

... að öll uppbygging á landi hefur áhrif og þarf að hugsa vel og ásókn og hegðun ferðamannanna sjálfra getur breytt eðli ferðamannastaða og þeirri upplifun sem þar er að finna og þannig framtíðarvirði slíkra staða burtséð frá öðru utanaðkomandi inngripi í náttúruna. Til að ferðaþjónustan geti blómstrað á tilteknu svæði til framtíðar, þarf að ákveða til hvaða markhóps á að höfða, læra að þekkja þarfir hans í tengslum við ferðamenskuna sem sigtað er á og haga framkvæmdum og ákvarðanatökum í sátt við kjöraðstæður (bls. 64).

Ákvarðanir um markhópa sem höfða skal til á tilteknum stöðum liggja nánast aldrei fyrir þegar ráðist er í mat á áhrifum virkjanaframkvæmda. Þeir aðilar sem sinna ferðaþjónustu miða jafnan að því að þjónusta þá sem koma og laga sitt þjónustuframboð að gestum sem mæta. Slíkt mat á áhrifum verður því eiginlega að teljast sem eftirá aðgerð eða í það minnsta gerð án þess að hafa viðmið um hvað er æskileg ferðamennska á svæðinu.

Til að lýsa náttúrulegum svæðum í könnunum er jafnan notað hugtakið „víðerni“. Það er skilgreint sem stórt ósnortið svæði þar sem eingöngu eru mannvirki nauðsynleg vegna náttúruverndar og engin þjónusta við almenning. Þetta hugtak er hinsvegar nokkuð vandasamt að eiga við eins og kemur fram í eftirfarandi umfjöllun Rannveigar Ólafsdóttur o.fl. (2016):

Í nýjum lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu ósnortið víðerni, þess í stað er komið hugtakið óbyggt víðerni en það er skilgreint sem „Svæði í óbyggðum, að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“ (Lög nr. 60/2013, 5. gr. liður 19). Við endurskoðun laganna (þ.e. lög nr. 109/2015 um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013) var þessari skilgreiningu breytt. Þar er óbyggt víðerni skilgreint sem: „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“. Þarna hefur verið bætt við fyrri skilgreiningu orðrétt upp úr fyrri lögum nr. 44/1999, þ.e. „eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja.“ (bls. 6)

Ólíkar hugmyndir fólks um náttúru og hvað telst náttúrulegt er kjarninn í þeirri könnun sem hér verður lýst og með því að skilja betur viðhorf fólks til þess er betur hægt að mæta væntingum gesta um þjónustu og innviði. Hengilsvæðið er náttúrusvæði nálægt mesta þéttbýli landsins og er vinsælt bæði meðal Íslendinga og erlendra gesta, enda auðvelt að komast þangað. Þar hefur hinsvegar á sama tíma verið virkjað og lykilsurning þessarar könnunar er með hvaða hætti ferðamennska og útivist á svæðinu mun þróast í nálægð við þær virkjanir.

Gögn og aðferðir


Spurningalistinn sem notaður var í þessari rannsókn byggir á könnun sem gerð var meðal ferðamanna við norðanverðan Kjalveg sumarið og haustið 2016 og var unnin af Land- og ferðamálafræðistofu við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands.

Spurningalisti þessi á sér lengri sögu og hefur verið notaður í könnunum meðal ferðamanna í öllum áföngum rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu (lög nr. 48/2011) víða um land. Spurningalistinn er hannaður til að kanna upplifun og ánægju ferðamanna af ferðum sínum um tiltekin svæði. Einnig er kannað í hverju aðdráttarafl svæðisins felist og hvort víðerni/ósnortin/lítt snortin náttúra séu hluti af aðdráttaraflinu. Næst er kannað viðhorf ferðamanna til virkjunar á svæðinu og hvort þeir taki eftir virkjunarmannvirkjum á leið sinni og þá hvaða. Einnig er kannað viðhorf almennt til virkjana hér á landi. Allar spurningar eru greindar niður eftir helstu bakgrunnsbreytum og kannað hvort marktækur munur sé milli svara eftir kyni, aldri, þjóðerni og starfi, en einnig hvort fólk hafði komið áður á svæðið, hve lengi það dvaldi og hvar kannað var. Að auki var horft til tíma dags og veðurs.

Markmiðið með framkvæmdinni er tvíþætt. Annars vegar að kanna afstöðu til framtíðaruppbótarsvæða og hins vegar að kanna notkun og afstöðu til núverandi innviða á Hengilssvæðinu, bæði þá er snúa að útivist og þá er snúa að orkuvinnslu. Úrtaksstaðir tóku mið af því að fá svör sem endurspeгла bæði þessi markmið. Spurningalistum var dreift á þremur stöðum: Reykjadal, þar sem engin ummerki um orkuvinnslu eru sýnileg (utan einnar háspennulínu), Dyradal sem er að vissu leyti hlið inn á Hengilinn fyrir útivistarfólk og Nesjavöllum á Konungsbrún, útsýnisstað þar sem sést vel yfir orkuvinnslusvæðið og stöðvarhúsið.

Rannsóknarsvæði

Athugunarsvæðið gengur undir nafninu Hengillinn. Það er svæðið sem finna má á gönguleiðakorti Orkuveitunnar (2012) og er endurgert í mynd 1. Hluti gönguleiðakortsins var nýtt til að afmarka athugunarsvæðið, enda í hentugum skala, með merktum gönguleiðum, bílastæðum og örnefnum. Áberandi hringir voru dregnir utan um þau örnefni sem nefnd eru í könnuninni.



Mynd 1: Afmörkun athugunarsvæðis.

Hringir eru dregnir utan um örnefni sem spurt er um. Staðsetning úrtaksstaða er merkt með grænum kassa
Heimild: Orkuveita Reykjavíkur, 2012.

Framkvæmd könnunar

Stærð þýðis á athugunarsvæði var áætlað í kringum 10.000 manns á tímabilinu júní til september. Stefnit var að því að safna milli 1.100 – 1.200 svörum sem yrði um það bil jafnt skipt milli úrtaksstaða. Miðað við 60% svarhlutfall tryggir þessi fjöldi svara ásættanlega vissu í niðurstöðunum, eða 95% öryggismörk (e. *confidence level*). Með þessum fjölda er 95% víska fyrir því að svörin sem lýst verður endurspeglir svör alls hópsins ef hægt væri að ná til hans alls.

Spyrlar á vegum Orkuveitu Reykjavíkur sáu um dreifingu og móttöku spurningalista. Í heildina voru fjórir spyrlar að störfum í 42 daga á tímabilinu 1. júní til 15. september.

Spyrlar lögðu ríka áherslu á samræmd vinnubrögð og aðferðir, en verkefnisstjóri fór með öllum spyrlum í fyrsta sinn á vettvang og gaf leiðbeiningar um hvernig ætti að bera sig að við dreifingu spurningalista, í samræmi við leiðbeiningar frá RMF.

Spurningalistinn (sjá viðauka 1) var lagður fyrir þátttakendur á þremur úrtaksstöðum á Hengilssvæðinu, Dyradal, Nesjavöllum og Reykjadal. Staðsetning þeirra er sýnd á mynd 1.

Listinn samanstóð af 25 spurningum og var á fjórum tungumálum, íslensku, ensku, þýsku og frönsku. Margar spurningarnar höfðu að geyma nokkurn fjölda af breytum. Efni spurninganna má flokka í:

- Almennar bakgrunnsspurningar um aldur, kyn, búsetu og starf.
- Spurningar um ferðamáta og ferðalagið sjálft.
- Spurningar er varða dvöl á svæðinu, s.s. upplifun, aðdráttarafli og ánægju.
- Spurningar um viðhorf til innviða, bæði innviða sérstaklega ætlaða ferðamönnum sem og virkjana og mannvirkja þeim tengdum.
- Spurningar sem varða viðhorf til virkjana almennt og til viðkomandi virkjunar.

Könnuninni var skipt upp í þrjú tímabil: 1) 1. júní - 6. júlí, 2) 7. júlí - 10. ágúst, 3) 11. ágúst - 15. september til þess að endurspegla gestakomur snemmsumars, á háönn sumarfría og svo síðsumars. Hverjum degi var einnig skipt upp í þrjú tímabil: 1) 10:00-14:00, 2) 14:00-18:00 og 3) 18:00-22:00. Í framkvæmd kom hins vegar í ljós að lítil sem engin kvöldumferð var í Dyradal og á Nesjavöllum. Þriðja tímabilið frá klukkan 18 til 22 nýttist því einungis í Reykjadal (nánari lýsingu á framkvæmd könnunar má sjá í viðauka 2).

Alls var 1.135 svörum safnað, þar af 393 í Reykjadal, 375 á Nesjavöllum og 367 í Dyradal. Í töflu 2 má sjá skiptingu svara eftir tímabilum og úrtaksstöðum auk þess sem taflan sýnir áætlun um söfnun svara.

Tafla 2: Fjöldi svara á hverjum stað eftir tímabilum

	1. tímabil		2. tímabil		3. tímabil		Samtals	
	Svörun	Áætlun	Svörun	Áætlun	Svörun	Áætlun	Svörun	Áætlun
Nesjavellir	125	124	130	124	120	124	375	372
Reykjadalur	149	124	125	124	119	124	393	372
Dyradalur	124	124	111	124	132	124	367	372
Samtals	398	372	366	372	371	372	1.135	1.116

Til að átta sig betur á skiptingu svara eftir vikudögum sýnir tafla 3 daga vikunnar og hve mörg svör fengust á hverjum stað eftir vikudögum.

Tafla 3: Fjöldi svara á hverjum stað eftir vikudögum

	Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.	Sun.
Nesjavellir	25	63	84	117	46	0	39
Reykjadalur	39	206	17	0	130	0	0
Dyradalur	37	23	32	109	39	0	126
Samtals	101	292	133	226	215	0	165

Viðmælendur tóku almennt vel í beiðni um að svara spurningalista. Spýrlar reyndu eftir fremsta megni að hraðskanna alla lista sem var skilað, til að koma auga á augljósar villur og leiðréttta með þátttakendum meðan þeir voru á staðnum. Það tókst í flestum tilfellum, en því miður ekki öllum.

Dæmi um slíkar villur voru hjá þátttakendum sem gerðu sér ekki grein fyrir afmörkun svæðisins (þrátt fyrir að vera með kortið í höndunum) og merktu við lengri dvöl en við átti, dvöl á svæðum utan athugunarsvæðis og afþreyingu sem ekki er í boði á úrtaksstað. Þessi svör gátu spylrar oftast leiðrétt eftir samtal við þátttakendur, en það slæddust þó örfá svör inn á milli til úrvinnslu, sem eru að öllum líkindum röng. Dæmi um spurningar sem var ítrekað svarað rangt er spurning 7 þar sem þátttakendur gátu hakað við örnefni staða sem þeir höfðu heimsótt á svæðinu. Í þessari spurningu var algengt að erlendir þátttakendur hökuðu við Skálafell. Í öllum tilfellum þar sem spylrar komu auga á þetta og báðu þátttakendur að gera grein fyrir svari sínu héldu þeir að þeir væru að haka við Skaftafell.

Sumir þátttakendur bentu á að í ákveðnum spurningum hefðu þeir viljað hafa möguleikann „veit ekki / vill ekki svara“ í stað „hvorki né“ þar sem hann felur í sér afstöðu til spurningarinnar, sem þeim fannst þeir ekki hafa forsendur eða þekkingu til að svara. Í þeim tilfellum kusu þátttakendur frekar að sleppa spurningunni, en að nota möguleikann „hvorki né.“

Stærstur hluti þátttakenda eru ferða- og útivistarfólk sem ferðast eftir akvegum Hengilssvæðisins (að Reykjadal undanskildum). Í byrjun framkvæmdar voru spylrar gjarnan staðsettir á göngu-og/eða hjólastígum á algengum leiðum á Henglinum. Þar náðist hinsvegar lítil svörun, sem gjörbreyttist þegar spylrar staðsettu sig á bílastæðum í Dyradal og á Nesjavöllum við Konungsbrún. Spylrar vöktuðu bæði bílastæðin á Konungsbrún og fóru á milli eftir því hvar var meiri umferð. Sömuleiðis vöktuðu þeir öll bílastæðin í Dyradal til að auka möguleika á að ná til sem flestra sem leggja bílum sínum þar til að stunda útivist á Hengilssvæðinu.

Svör við spurningum könnunar

Í heildina var 1.135 listum skilað til úrvinnslu og greiningar. Í þessum kafla er svörum við könnun lýst, þar sem fyrst verður farið yfir helstu einkenni svarenda og ferðamáta þeirra. Því næst verður farið í gegnum spurningarnar og svörum við þeim lýst með tilliti til helstu bakgrunnsbreyta. Ef fram kemur mikill breytileiki í svörum eftir helstu bakgrunnsbreytum er kannað hvort sá breytileiki sé marktækur. Helstu bakgrunnsbreytur eru kyn, aldur, þjóðerni og starf, hvort fólk hafði komið áður á svæðið, hve lengi það dvaldi, hvar könnun fór fram. Að auki var horft til tíma dags og veðurs. Til að kanna hvort breytileiki sé marktækur var gert marktektarpróf sem leggur mat á hvort sá munur sem finnst í úrtaki sé tilviljun eða hvort hann er raunverulega til staðar í þýðinu. Beitt var svokölluðu t-prófi og ANOVA prófi (e. *analysis of variance*) og ef munur reynist marktækur er það sett fram með tiltekinni vissu. Þannig ef stendur ($p < 0,05$) þýðir það að 95% vissa er fyrir því að þennan mun sé að finna í þýðinu öllu. Ef stendur ($p < 0,01$) er 99% vissa fyrir því og ef stendur ($p < 0,001$) er 99,99% vissa fyrir því að greindur munur á svörum endurspeglar raunverulegan mun sem finna megi í þýðinu öllu. Niðurstöður eru flestar sýndar í töflum. Hver tafla sýnir kyn og fjölda svarenda viðkomandi spurningar auk þess sem sýndar eru aðrar marktækar bakgrunnsbreytur svara. Þar má nefna staðsetningu könnunar, hvort svarendur hafi heimsótt svæðið áður og dvalartíma þeirra.

Við lestur niðurstaðna spurninga sem snúast um fullyrðingar af ýmsum toga, er vert að hafa í huga að þeim hefur verið svarað á 5 punkta skala og er reiknað meðaltal sýnt í svörum við viðkomandi töflu.

Helstu einkenni svarenda

Helstu einkenni svarenda eru sýnd í töflum 4 og 5. Tafla 4 sýnir að konur eru 48% svarenda en karlar 52%.

Tafla 4: Kynja- og aldursskipting svarenda

		Fjöldi	Kona	Karl
			%	%
		N	47,5%	52,5%
Aldur	≤ 25 ára	213	50,7%	49,3%
	26 - 35 ára	258	43,8%	56,2%
	36 - 45 ára	184	48,9%	51,1%
	46 - 55 ára	240	51,3%	48,8%
	56 - 65 ára	131	44,3%	55,7%
	66 ára ≥	79	39,2%	60,8%

Taflan sýnir einnig aldursskiptingu svarenda. Um fimmtungur svarenda eru 25 ára eða yngri, nærri fjórðungur 26 til 35 ára og um fimmtungur er í aldurshópnum 36 til 45 ára og 46 til 55 ára. Tafla 5 sýnir svörun út frá aldri svarenda.

Tafla 5: Samantekin einkenni svarenda

		Fjöldi	Hlutfall	≤ 25 ára	26 - 35 ára	36 - 45 ára	46 - 55 ára	56 - 65 ára	66 ára ≥
		N	%	%	%	%	%	%	%
Fjöldi		1118	100%	19,3%	23,2%	17,1%	21,6%	11,8%	7,1%
Kyn	Kona	523	47%	20,7%	21,6%	17,2%	23,5%	11,1%	5,9%
	Karl	582	52%	18,0%	24,9%	16,2%	20,1%	12,5%	8,2%
Þjóðerni	Ísland	238	21%	13,9%	18,1%	16,8%	23,5%	16,8%	10,9%
	Þýskaland	137	12%	15,3%	24,8%	16,1%	26,3%	10,9%	6,6%
	Frakkland	127	11%	29,1%	22,8%	15,0%	24,4%	5,5%	3,1%
	Sviss/Austurríki	38	3%	15,8%	31,6%	18,4%	21,1%	10,5%	2,6%
	Benelúxlöndin	48	4%	31,3%	12,5%	22,9%	22,9%	6,3%	4,2%
	Visegrád löndin	40	4%	25,0%	32,5%	20,0%	17,5%	2,5%	2,5%
	Ítalía/Spánn	56	5%	7,1%	39,3%	19,6%	30,4%	3,6%	0,0%
	Norðurlöndin	62	6%	19,4%	27,4%	21,0%	8,1%	14,5%	9,7%
	Bretland/Írland	57	5%	14,0%	17,5%	10,5%	28,1%	15,8%	14,0%
	Bandaríkin/Kanada	221	20%	25,3%	21,7%	17,2%	16,3%	14,0%	5,4%
Önnur lönd	82	7%	14,6%	26,8%	15,9%	18,3%	13,4%	11,0%	
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	277	25%	11,9%	17,7%	18,1%	26,0%	16,6%	9,7%
	Nei	822	75%	21,4%	25,3%	16,8%	20,1%	10,3%	6,1%
Starf	Nemandi	174	16%	85,1%	11,5%	1,1%	0,6%	0,0%	1,7%
	Stjórnunarstörf	133	12%	5,3%	20,3%	30,8%	33,1%	9,0%	1,5%
	Sérfræðingur	383	34%	7,0%	28,2%	22,7%	27,9%	11,7%	2,3%
	Annað starf	411	37%	7,5%	24,6%	14,8%	20,4%	17,3%	15,3%
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	462	41%	17,5%	22,3%	16,5%	21,2%	13,4%	9,1%
	4-12 klst	422	38%	19,9%	23,0%	18,5%	22,5%	9,7%	6,4%
	13 klst eða fleiri	226	20%	20,4%	25,2%	16,4%	21,2%	12,4%	4,4%
Staðsetning	Dyradalur	354	32%	19,8%	20,9%	17,8%	20,3%	15,3%	5,9%
	Nesjavellir	365	33%	16,2%	17,5%	16,7%	23,3%	14,5%	11,8%
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	396	35%	22,0%	30,1%	16,9%	21,0%	6,3%	3,8%
Tímabil	31. maí - 6. júlí	375	34%	18,1%	28,8%	17,3%	14,7%	11,7%	9,3%
	7. júlí - 10. ágúst	338	30%	20,1%	16,9%	14,8%	29,9%	11,8%	6,5%
	11. ágúst - 15. september	402	36%	19,9%	22,9%	18,9%	20,9%	11,9%	5,5%
Tími dags	10:00-14:00	556	50%	17,4%	21,2%	18,5%	22,5%	12,6%	7,7%
	14:00-22:00	559	50%	21,3%	24,9%	15,7%	20,6%	11,1%	6,4%

Flestir þeirra sem svara eru Íslendingar (21%) og svo Bandaríkjamenn / Kanadabúar (20%). Þjóðverjar (12%) og Frakkar (11%) koma næst á eftir og svo Norðurlandabúar (6%), Bretar/Írar (5%) og Benelúxbúar (4%). Íbúar annarra landa telja minna.

Jafnt hlutfall svara fengust á fyrri og seinni hluta dags. Þá sýnir taflan að 16% svarenda eru nemandar, 12% gegna stjórnunarstörfum, 34% teljast til sérfræðinga (læknar, kennara, lögfræðingar, o.s.frv.) og 37% til „annarra starfa“.

Flestir svarenda (41%) eyddu núll til þremur klukkustundum á svæðinu. Svipað hlutfall (38%) var fjórar til 12 klukkustundir á svæðinu og um fimmtungur (20%) var 13 klukkustundir eða lengur.

Aðspurðir segjast þrjú fjórðu (75%) svarenda ekki hafa komið áður á Hengilssvæðið. Þetta hlutfall snýst við þegar Íslendingar eru spurðir, því átta af hverjum 10 (81%) hafa komið áður á svæðið. Í framhaldinu var spurt hvort þeir sem komið höfðu áður hefðu breytt ferðahegðun sinni með tilkomu virkjanna og svara því flestir að hún hafi ekki breyst (84%) en 10% segjast

hafa komið oftast og 6% sjaldnar. Marktækur munur ($p < 0,01$) var eftir aldri, en því eldri því líklegra að þeir hafi breytt hegðun sinni þannig að þeir koma oftast

Ferðamáti svarenda

Þorri svarenda kemur á eigin bíl (31,5%) eða í bílaleigubíl (53%). Lítil hluti kemur í hópferðabíl (13%), en annars þá helst gangandi (7,6%). Tafla 6 sýnir ferðamáta svarenda, greint eftir kyni og aldri. Sumir svarenda haka í fleiri en einn möguleika og því er samtala prósentu yfir 100. Einhverjir hafa til dæmis komið á bíl en gengið svo og hakað í báða svarmöguleika.

Tafla 6: Ferðamáti eftir kyni og aldri

		Fjöldi	Á eigin bíl	Á bílaleigubíl	Í hópferðabíl	Á mótorkhjól	Hjólandi	Gangandi	Ríðandi	Annað
		N	%	%	%	%	%	%	%	%
	Fjöldi	1123	31,5%	53,0%	13,0%	2,6%	1,9%	7,6%	0,7%	2,7%
Kyn	Kona	524	31,7%	53,8%	12,4%	1,0%	1,1%	8,2%	0,6%	2,7%
	Karl	585	30,9%	52,8%	13,3%	3,9%	2,6%	7,2%	0,9%	2,7%
Aldur	≤ 25 ára	215	26,0%	53,0%	15,3%	0,5%	0,9%	20,9%	0,5%	6,5%
	26 - 35 ára	256	28,1%	56,6%	11,7%	3,9%	3,9%	7,4%	1,2%	1,2%
	36 - 45 ára	190	30,0%	55,3%	14,2%	3,2%	1,1%	3,2%	0,5%	1,1%
	46 - 55 ára	238	31,9%	59,2%	8,8%	1,3%	0,8%	2,5%	0,4%	0,8%
	56 - 65 ára	131	38,2%	43,5%	18,3%	3,8%	3,1%	3,8%	0,8%	5,3%
	66 ára ≥	77	46,8%	36,4%	11,7%	2,6%	1,3%	3,9%	1,3%	2,6%

Rúmlega helmingur svarenda ferðast með sinni fjölskyldu (50,7%), en næst algengast er að ferðast sé með ættingjum/vinum (32,4%). Skipulagðar hópferðir koma þar á eftir (9,9%) en aðeins 5,6% svarenda eru einir á ferð. Fólk gat merkt í fleiri en einn ferðamáta og því samtalan ekki 100%

Almennt er svæðið sem til athugunar er kallað Hengillssvæðið og er það afmarkað á korti á mynd 1. Á svæðinu eru net merktra gönguleiða og nokkrir lykiláfangastaðir sem áhugavert var að kanna hvort ferðamenn hafi sótt heim. Tafla 7 sýnir hvaða stöðum ferðamenn komu við á, greint eftir dvalarlengd og úrtaksstað.

Tafla 7: Staðir heimsóttir í ferðinni m.t.t. dvalarlengdar og úrtaksstað

	Fjöldi	Hagavíkurlaugar	Innstidalur	Klambra-gil	Köldu-gil	Mara-dalur	Meitill	Reykjadalur	Skála-fell	(Vörðu-) Skeggi	Tjarna-hnjúkur	Þverárdalur	Annað	
	N	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	
Fjöldi	1099	3,6%	1,6%	7,7%	4,2%	2,9%	0,5%	42,6%	2,8%	3,6%	0,9%	2,0%	32,8%	
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	453	2,4%	1,3%	3,8%	2,6%	1,8%	0,4%	21,4%	2,0%	0,4%	2,0%	80,4%	
	4-12 klst	419	4,8%	1,2%	9,3%	4,5%	2,9%	0,7%	55,8%	4,5%	4,3%	0,5%	2,9%	47,3%
	13 klst eða fl.	219	4,1%	3,2%	12,8%	6,4%	5,5%	0,0%	61,2%	1,4%	5,9%	2,3%	0,5%	55,7%
Staðsetning	Dyradalur	345	4,3%	2,3%	2,3%	9,0%	5,2%	1,4%	10,7%	1,2%	7,0%	1,7%	1,7%	93,9%
	Nesjavöllur	359	4,5%	1,9%	2,8%	2,8%	3,3%	0,0%	14,5%	4,5%	2,8%	0,8%	3,3%	95,8%
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	392	1,8%	0,8%	16,6%	0,5%	0,5%	0,0%	96,2%	2,8%	1,5%	0,3%	1,0%	4,8%

Sjá má á töflu 7 hve Reykjadalur stendur uppúr sem helsti áfangastaður gesta en einnig það að flestir þeir staðir sem ákveðið var að kanna áhuga gesta á, eru ekki mikið sóttir heim. Um helmingur svarenda dvöldu í núll til þrjár klukkustundir í Dyradal (49,9%) og á Nesjavöllum (55,2%). Í Reykjadal dvaldi hins vegar rúmlega helmingur svarenda í fjórar til 12 klukkustundir

á svæðinu og um fjórðungur (24,6%) í 13 klst. eða meira. Þetta hlutfall var um fimmtungur fyrir Dyradal (17,8%) og Nesjavelli (18,2%).

Afstaða svarenda til spurninga

Spurningar sem snéru ekki að bakgrunni svarenda eða ferðamáta þeirra voru settar fram í þremur flokkum í könnuninni. Fyrst er greint frá úrvinnslu spurninga eitt til fjögur þar sem spurt er um upplifun af svæðinu, ánægju með dvölinu á svæðinu og afstöðu til virkjana. Því næst koma spurningar níu til 13, þar sem spurt er um afstöðu til mannvirkja og innviða á svæðinu. Þetta eru viðamestu spurningar könnunarinnar. Þær leggja grunn að því að að meta hvaða flokki ferðamenn svæðisins tilheyra. Að lokum eru spurningar 14 til 17, þar sem spurt er hvort athugunarsvæðið falli undir víðerni eða ósnortna náttúru í huga svarenda.

Upplifun af svæðinu

Í spurningu eitt er spurt hversu lýsandi fólki finnst orðapörin „náttúrulegt – manngert“, „kyrrt – hávært“, „aðgengilegt – óaðgengilegt“, „fallegt – ljótt“, „áhrifamikið – áhrifalítið“. Svarendur gátu merkt við svar á fimm punkta kvarða milli þessara andstæðna. Tafla 8 sýnir afstöðu svarenda til orðaparsins „náttúrulegt – manngert“.

Tafla 8: Afstaða til orðaparsins „náttúrulegt – manngert“

		Fjöldi	Mjög náttúrulegt (5)	Frekar náttúrulegt (4)	Hvorki né (3)	Frekar manngert (2)	Mjög manngert (1)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(5) - (1)
	Fjöldi	1080	66,3%	23,5%	3,5%	5,5%	1,2%	4,5
Kyn	Kona	505	68,5%	22,8%	2,4%	5,9%	0,4%	4,5
	Karl	561	64,0%	24,2%	4,6%	5,2%	2,0%	4,4
Þjóðerni	Ísland	230	60,4%	24,8%	6,1%	7,4%	1,3%	4,4
	Þýskaland	134	64,2%	28,4%	2,2%	5,2%	0,0%	4,5
	Frakkland	114	76,3%	15,8%	5,3%	2,6%	0,0%	4,7
	Sviss/Austurríki	38	68,4%	23,7%	7,9%	0,0%	0,0%	4,6
	Benelúxlöndin	46	58,7%	21,7%	6,5%	10,9%	2,2%	4,2
	Visegrád löndin	39	66,7%	25,6%	0,0%	7,7%	0,0%	4,5
	Ítalía/Spánn	55	74,5%	20,0%	0,0%	5,5%	0,0%	4,6
	Norðurlöndin	61	55,7%	31,1%	4,9%	6,6%	1,6%	4,3
	Bretland/Írland	58	69,0%	20,7%	1,7%	5,2%	3,4%	4,5
	Bandaríkin/Kanada	215	71,6%	21,4%	1,4%	4,2%	1,4%	4,6
	Önnur lönd	78	61,5%	25,6%	2,6%	6,4%	3,8%	4,3

Flestir svarenda telja svæðið náttúrulegt eða mjög náttúrulegt. Greina má marktækan ($p < 0,05$) mun eftir þjóðernum. Þannig telja Íslendingar, Benelúx- og Norðurlandabúar frekar að svæðið sé manngert.

Tafla 9 sýnir breytur sem sýndu marktækan mun í afstöðu svarenda til orðaparsins „náttúrulegt – manngert“. Það var út frá úrtaksstöðum ($p < 0,001$) og dvalarlengd ($p < 0,05$). Helst voru það Nesjavellir sem þóttu bera manngert yfirbragð, en síst Dyradalur.

Tafla 9: Afstaða til orðaparsins „náttúrulegt – manngert“ eftir staðsetningu

		Fjöldi	Mjög náttúrulegt (5)	Frekar náttúrulegt (4)	Hvorki né (3)	Frekar manngert (2)	Mjög manngert (1)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(5)-(1)
Staðsetning	Dyradalur	348	75,3%	18,4%	3,4%	2,3%	0,6%	4,7
	Nesjavellir	345	57,7%	25,5%	5,5%	9,3%	2,0%	4,3
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	384	65,9%	26,3%	1,8%	4,9%	1,0%	4,5
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	449	62,4%	25,2%	4,5%	6,2%	1,8%	4,4
	4-12 klst	405	69,6%	23,0%	3,0%	3,7%	0,7%	4,6
	13 klst eða fleiri	218	68,3%	21,6%	2,3%	6,9%	0,9%	4,5

Þá sýnir tafla 9 að svarendur sem dvöldu á svæðinu í fjórar til 12 klukkustundir töldu það manngerðara (meðaltal 4,6) en þeir sem dvöldu í núll til þrjár klukkustundir (meðaltal 4,4). Svarendur sem dvöldu í 13 klukkustundir eða lengur voru með meðaltalið 4,5.

Tafla 10 sýnir hvernig svarendur svöruðu spurningum sem könnuðu afstöðu til orðaparsins „kyrrt – hávært“.

Tafla 10: Afstaða svarenda til orðaparsins „kyrrt – hávært“

		Fjöldi	Mjög kyrrt (5)	Frekar kyrrt (4)	Hvorki né (3)	Frekar hávært (2)	Mjög hávært (1)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(5)-(1)
Fjöldi		1074	58,5%	30,6%	6,7%	3,4%	0,7%	4,4
Kyn	Kona	499	60,5%	30,1%	6,0%	3,4%	0,0%	4,5
	Karl	560	56,3%	31,3%	7,5%	3,6%	1,4%	4,4
Þjóðerni	Ísland	227	56,4%	32,2%	7,9%	3,1%	0,4%	4,4
	Þýskaland	135	47,4%	38,5%	9,6%	4,4%	0,0%	4,3
	Frakkland	116	69,0%	26,7%	2,6%	1,7%	0,0%	4,6
	Sviss/Austurríki	38	57,9%	23,7%	5,3%	10,5%	2,6%	4,2
	Benelúxlöndin	47	48,9%	38,3%	4,3%	8,5%	0,0%	4,3
	Visegrád löndin	40	45,0%	42,5%	5,0%	5,0%	2,5%	4,2
	Ítalía/Spánn	54	48,1%	37,0%	7,4%	7,4%	0,0%	4,3
	Norðurlöndin	63	54,0%	34,9%	7,9%	3,2%	0,0%	4,4
	Bretland/Írland	53	56,6%	28,3%	11,3%	1,9%	1,9%	4,4
	Bandaríkin/Kanada	214	67,8%	22,9%	6,1%	1,4%	1,9%	4,5
	Önnur lönd	75	65,3%	26,7%	5,3%	2,7%	0,0%	4,5

Flestir svarenda telja svæðið kyrrt eða mjög kyrrt. Marktækur munur ($p < 0,01$) er á afstöðu svarenda eftir þjóðerni. Þjóðverjar, Svisslendingar, Austurríkismenn og íbúar Visegrád landa (Tékkland, Ungverjaland, Pólland og Slóvakía) telja svæðið háværara en aðrir svarendur. Einnig er marktækur munur á úrtaksstöðum ($p < 0,001$) en tafla 11 sýnir að helst þykir Reykjadalur hávær, en síst Dyradalur.

Tafla 11: Afstaða til orðaparsins „kyrrt – hávært“ eftir staðsetningu

		Fjöldi	Mjög kyrrt (5)	Frekar kyrrt (4)	Hvorki né (3)	Frekar kyrrt (2)	Mjög kyrrt (1)	Meðaltal (5) - (1)
			%	%	%	%	%	
Staðsetning	Dyradalur	344	74,1%	21,5%	2,3%	1,7%	0,3%	4,7
	Nesjavellir	343	67,6%	22,2%	6,7%	2,6%	0,9%	4,5
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	384	36,2%	46,4%	10,7%	5,7%	1,0%	4,1

Tafla 12 sýnir svörun við spurningum sem könnuðu afstöðu til orðaparsins „aðgengilegt – óaðgengilegt“

Tafla 12: Afstaða svarenda til orðaparsins „aðgengilegt – óaðgengilegt“

		Fjöldi	Mjög aðgengilegt (5)	Frekar aðgengilegt (4)	Hvorki né (3)	Frekar óaðgengilegt (2)	Mjög óaðgengilegt (1)	Meðaltal (5) - (1)
		N	%	%	%	%	%	
	Fjöldi	1077	57,5%	33,4%	5,2%	3,3%	0,6%	4,4
Kyn	Kona	501	60,9%	29,9%	4,6%	4,2%	0,4%	4,5
	Karl	561	54,2%	36,5%	5,9%	2,7%	0,7%	4,4
Aldur	≤ 25 ára	210	49,5%	37,1%	8,6%	4,3%	0,5%	4,3
	26 - 35 ára	249	53,0%	36,1%	6,4%	4,0%	0,4%	4,4
	36 - 45 ára	184	56,0%	35,9%	3,8%	3,8%	0,5%	4,4
	46 - 55 ára	224	60,7%	31,3%	4,9%	2,7%	0,4%	4,5
	56 - 65 ára	123	69,1%	26,8%	0,8%	1,6%	1,6%	4,6
	66 ára ≥	70	68,6%	27,1%	1,4%	2,9%	0,0%	4,6
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	268	61,2%	33,2%	2,6%	2,6%	0,4%	4,5
	Nei	792	56,3%	33,5%	5,9%	3,7%	0,6%	4,4

Flestir svarenda telja svæðið aðgengilegt eða mjög aðgengilegt. Marktækur munur er á afstöðu svarenda eftir aldri ($p < 0,01$), hvort þeir hafi ferðast áður um svæðið ($p < 0,05$) og hvaða starfi þeir gegna ($p < 0,05$). Þeir sem eru á bilinu 36-45 ára telji svæðið aðeins aðgengilegra en aðrir svarendur (tafla 12). Sama gildir um þá sem hafa komið áður.

Tafla 13: Afstaða svarenda til orðaparsins „fallegt – ljótt“

		Fjöldi	Mjög fallegt (5)	Frekar fallegt (4)	Hvorki né (3)	Frekar ljótt (2)	Mjög ljótt (1)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(5)-(1)
	Fjöldi	1094	84,6%	12,1%	2,0%	0,9%	0,5%	4,8
Kyn	Kona	507	89,2%	8,3%	1,6%	0,6%	0,4%	4,9
	Karl	573	80,3%	15,5%	2,4%	1,2%	0,5%	4,7
	Þjóðerni							
	Ísland	231	85,7%	10,4%	2,2%	0,9%	0,9%	4,8
	Þýskaland	134	82,8%	14,9%	1,5%	0,7%	0,0%	4,8
	Frakkland	120	85,8%	12,5%	1,7%	0,0%	0,0%	4,8
	Sviss/Austurríki	38	78,9%	21,1%	0,0%	0,0%	0,0%	4,8
	Benelúxlöndin	47	76,6%	17,0%	4,3%	0,0%	2,1%	4,7
	Visegrád löndin	40	80,0%	20,0%	0,0%	0,0%	0,0%	4,8
	Ítalía/Spánn	55	85,5%	10,9%	1,8%	1,8%	0,0%	4,8
	Norðurlöndin	65	84,6%	12,3%	1,5%	1,5%	0,0%	4,8
	Bretland/Írland	57	86,0%	8,8%	3,5%	1,8%	0,0%	4,8
	Bandaríkin/Kanada	216	88,9%	7,9%	0,9%	1,4%	0,9%	4,8
	Önnur lönd	79	79,7%	12,7%	6,3%	1,3%	0,0%	4,7
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	447	83,7%	13,0%	2,2%	0,7%	0,4%	4,8
	4-12 klst	418	86,1%	11,5%	2,4%	0,0%	0,0%	4,8
	13 klst eða fleiri	221	82,8%	11,8%	0,9%	3,2%	1,4%	4,7

Flestir svarenda telja svæðið mjög fallett. Marktækan mun má greina eftir kyni ($p < 0,01$) og dvalarlengd ($p < 0,01$) á svæðinu. Þannig má ráða að konum þyki svæðið sýnu fallegra en körlum. Sama má segja um þá sem dveljast núll til 12 klukkustundir sem telja svæðið mjög fallett (meðaltal 4,8), en þeir sem eru 13 klukkustundir eða lengur taka að meðaltali afstöðu sem stendur á 4,7 (tafla 13).

Í töflu 14 eru sýnd svör við spurningum sem taka til afstöðu svarenda til orðaparsins „áhrifamikið – áhrifalítið“.

Marktækur munur var á afstöðu svarenda til þess hversu áhrifamikið svæðið er. Munur er eftir kyni ($p < 0,05$), þjóðerni ($p < 0,001$) hvort fólk hafi komið áður ($p < 0,05$) og dvalarlengd þeirra ($p < 0,01$). Þannig má ráða af töflu 14 að þó svarendum finnist svæðið almennt mjög áhrifamikið, telja konur það sýnu áhrifameira. Íslendingum og Benelúxbúum finnst það sýnu áhrifaminnna. Þeir sem hafa komið áður verða fyrir eilítið minni áhrifum og ef fólk dvelur fjórar til 12 klst. eru áhrif meiri (meðaltal 4,8) en í skemmri eða lengri dvöl (meðaltal 4,6 í báðum tilfellum).

Tafla 14: Afstaða svarenda til orðaparsins „áhrifamikið – áhrifalítið“

		Fjöldi	Mjög áhrifamikið (5)	Frekar áhrifamikið (4)	Hvorki né (3)	Frekar áhrifalítið (2)	Mjög áhrifalítið (1)	Meðaltal (5) - (1)
		N	%	%	%	%	%	
	Fjöldi	1090	75,2%	19,7%	3,3%	1,5%	0,3%	4,7
Kyn	Kona	502	78,9%	16,7%	2,8%	1,2%	0,4%	4,7
	Karl	574	72,0%	22,3%	3,8%	1,7%	0,2%	4,6
	Þjóðerni							
	Ísland	233	65,2%	24,9%	7,7%	2,1%	0,0%	4,5
	Þýskaland	135	80,0%	17,8%	0,7%	1,5%	0,0%	4,8
	Frakkland	115	67,0%	27,8%	4,3%	0,9%	0,0%	4,6
	Sviss/Austurríki	38	78,9%	21,1%	0,0%	0,0%	0,0%	4,8
	Benelúxlöndin	48	64,6%	22,9%	6,3%	2,1%	4,2%	4,4
	Visegrád löndin	38	73,7%	21,1%	5,3%	0,0%	0,0%	4,7
	Ítalía/Spánn	55	67,3%	29,1%	0,0%	3,6%	0,0%	4,6
	Norðurlöndin	64	82,8%	14,1%	0,0%	3,1%	0,0%	4,8
	Bretland/Írland	55	85,5%	12,7%	1,8%	0,0%	0,0%	4,8
	Bandaríkin/Kanada	217	84,3%	12,9%	1,4%	0,9%	0,5%	4,8
	Önnur lönd	80	81,3%	13,8%	3,8%	1,3%	0,0%	4,8
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	271	69,7%	22,5%	5,5%	2,2%	0,0%	4,6
	Nei	801	77,2%	18,6%	2,6%	1,2%	0,4%	4,7
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	446	72,4%	20,6%	4,7%	1,8%	0,4%	4,6
	4-12 klst	418	79,9%	17,9%	1,7%	0,5%	0,0%	4,8
	13 klst eða fleiri	218	71,6%	21,6%	3,7%	2,8%	0,5%	4,6

Næst var spurt um ánægju gesta með dvölinna annarsvegar og náttúru svæðisins hinsvegar. Niðurstöður svörunar þeirra spurninga eru sýndar í töflum 15 og 16.

Tafla 15 sýnir að gestir eru jafnan ánægðir eða mjög ánægðir með dvölinna á svæðinu. Marktækur munur er á afstöðu svarenda eftir aldri ($p < 0,01$), starfi ($p < 0,05$) og dvalarlengd á svæðinu ($p < 0,05$). Þannig má ráða að þeir yngstu og þeir sem komnir eru yfir miðjan aldur séu hvað ánægðastir. Þeir sem gegna öðrum störfum eru síður ánægðir og helst eru þeir ánægðir sem dveljast fjórar til 12 klukkustundir á svæðinu (meðaltal 4,5). Þeir sem dvelja skemur reiknast með meðaltal 4,4 og þeir sem dvelja lengur með meðaltalið 4,3.

Tafla 15: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með dvölinu á svæðinu?

		Fjöldi	Mjög óánægð(ur) (1)	Óánægð(ur) (2)	Hvorki né (3)	Ánægð(ur) (4)	Mjög ánægð(ur) (5)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(1) - (5)
Fjöldi		1116	4,4%	0,8%	3,0%	33,0%	58,8%	4,4
Kyn	Kona	521	4,2%	0,6%	2,7%	31,1%	61,4%	4,5
	Karl	580	4,7%	1,0%	3,4%	35,2%	55,7%	4,4
Aldur	≤ 25 ára	215	3,3%	1,4%	3,7%	22,8%	68,8%	4,5
	26 - 35 ára	256	5,5%	0,8%	3,9%	43,8%	46,1%	4,2
	36 - 45 ára	186	5,4%	0,5%	2,2%	30,1%	61,8%	4,4
	46 - 55 ára	238	2,9%	0,8%	2,5%	30,7%	63,0%	4,5
	56 - 65 ára	131	4,6%	0,0%	1,5%	33,6%	60,3%	4,5
	66 ára ≥	75	5,3%	1,3%	4,0%	38,7%	50,7%	4,3
Starf	Nemandi	174	3,4%	1,1%	4,0%	25,9%	65,5%	4,5
	Stjórnunarstörf	129	2,3%	0,0%	3,1%	34,1%	60,5%	4,5
	Sérfræðingur	384	3,9%	0,8%	2,3%	31,0%	62,0%	4,5
	Annað starf	411	5,8%	1,0%	3,2%	37,5%	52,6%	4,3
Hversu margar klst varstu á svæðinu?	0-3 klst	462	4,3%	1,3%	4,3%	35,3%	54,8%	4,4
	4-12 klst	418	3,3%	0,2%	2,2%	29,9%	64,4%	4,5
	13 klst eða fleiri	228	6,6%	0,9%	2,2%	34,2%	56,1%	4,3

Seinni spurningin snýr að náttúru svæðisins og sýnir tafla 16 að gestir eru jafnan ánægðir eða mjög ánægðir með náttúru svæðisins.

Tafla 16: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með náttúru svæðisins?

		Fjöldi	Mjög óánægð(ur) (1)	Óánægð(ur) (2)	Hvorki né (3)	Ánægð(ur) (4)	Mjög ánægð(ur) (5)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(1) - (5)
Fjöldi		1100	4,5%	0,7%	1,9%	23,9%	69,0%	4,5
Kyn	Kona	513	4,3%	0,6%	1,0%	20,5%	73,7%	4,6
	Karl	572	4,5%	0,9%	2,8%	27,6%	64,2%	4,5
Starf	Nemandi	172	2,3%	0,6%	0,6%	19,8%	76,7%	4,7
	Stjórnunarstörf	131	3,1%	0,0%	3,1%	25,2%	68,7%	4,6
	Sérfræðingur	371	4,3%	0,3%	1,3%	23,5%	70,6%	4,6
	Annað starf	409	6,1%	1,5%	2,2%	25,9%	64,3%	4,4

Flestir svarenda eru mjög ánægðir með náttúruna á svæðinu. Munur er á afstöðu svarenda eftir kyni ($p < 0,05$) og starfi ($p < 0,01$). Þannig má ráða að konur eru ánægðari en karlar með náttúru svæðisins. Þá eru sérfræðingar og þeir sem gegna stjórnunarstörfum ánægðastir með náttúru svæðisins meðan svarendur sem sinna „öðrum störfum“ sýna minnsta ánægju.

Í spurningu þrjú var spurt um afstöðu til virkjana á svæðinu og afstöðu til þess hvort jarðvarmavirkjanir séu betri kostur en vatnsaflsvirkjanir. Svarendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fjórum fullyrðingum sem teknar eru saman í töflum 18-24. Spurning þrjú veitir samanburð við spurningar sem spurt var í könnun Rögvaldar Guðmundssonar á áhrifum jarðvarmavirkjunar á Hellisheiði á útivist og ferðaþjónustu árið 2003.

Fyrst var spurt hvort gestir væru sammála eða ósammála því að „virkjun á Hellisheiði/Hengli auki möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu“. Tafla 17 sýnir að svarendur hallast frekar að því að vera sammála fullyrðingunni.

Tafla 17: Virkjun á Hellisheiði/Hengli eykur möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu

		Fjöldi	Mjög ósammála (1)	Frekar ósammála (2)	Hvorki né (3)	Frekar sammála (4)	Mjög sammála (5)	Meðaltal (1)-(5)
		N	%	%	%	%	%	
	Fjöldi	1091	4,1%	12,5%	30,2%	35,4%	17,8%	3,5
Kyn	Kona	505	4,6%	11,1%	33,7%	34,5%	16,2%	3,5
	Karl	572	3,8%	13,6%	27,1%	36,4%	19,1%	3,5
Þjóðerni	Ísland	224	9,4%	13,8%	32,1%	32,6%	12,1%	3,2
	Þýskaland	130	4,6%	30,8%	35,4%	22,3%	6,9%	3,0
	Frakkland	125	1,6%	4,8%	30,4%	40,8%	22,4%	3,8
	Sviss/Austurríki	38	5,3%	15,8%	39,5%	31,6%	7,9%	3,2
	Benelúxlöndin	48	4,2%	14,6%	27,1%	37,5%	16,7%	3,5
	Visegrád löndin	38	7,9%	15,8%	21,1%	36,8%	18,4%	3,4
	Ítalía/Spánn	56	0,0%	8,9%	28,6%	48,2%	14,3%	3,7
	Norðurlöndin	64	3,1%	9,4%	35,9%	31,3%	20,3%	3,6
	Bretland/Írland	56	1,8%	7,1%	26,8%	44,6%	19,6%	3,7
	Bandaríkin/Kanada	219	1,4%	6,8%	26,5%	36,1%	29,2%	3,9
	Önnur lönd	80	2,5%	12,5%	31,3%	36,3%	17,5%	3,5
Starf	Nemandi	168	1,8%	9,5%	29,8%	38,7%	20,2%	3,7
	Stjórnunarstörf	133	2,3%	12,0%	30,1%	37,6%	18,0%	3,6
	Sérfræðingur	378	4,5%	9,8%	30,4%	38,1%	17,2%	3,5
	Annað starf	395	5,6%	16,2%	30,1%	30,9%	17,2%	3,4
Staðsetning	Dyradalur	337	4,7%	12,2%	38,0%	31,8%	13,4%	3,4
	Nesjavellir	362	2,2%	10,8%	23,2%	41,4%	22,4%	3,7
	Reykjadalur (Ölkeldur)	389	5,4%	14,4%	29,6%	33,2%	17,5%	3,4
Tími dags	10:00-14:00	545	4,0%	10,8%	27,5%	37,6%	20,0%	3,6
	14:00-22:00	543	4,2%	14,2%	32,6%	33,3%	15,7%	3,4

Marktækur munur var á afstöðu svarenda til þess hvort virkjun auki möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu. Munur er eftir þjóðerni og starfi ($p < 0,05$), en einnig eftir úrtaksstað og tíma dags. Þannig má ráða af töflu 17 að þó svarendur séu almennt á báðum áttum eða frekar sammála um nýsköpunargildi virkjunar fyrir ferðaþjónustu eru Íslendingar, Þjóðverjar, Svisslendingar og Austurríkismenn frekar efins. Sama má segja um þá sem gegna öðrum störfum. Þeir sem spurðir voru á Nesjavöllum eru frekar sammála um nýsköpunargildi virkjunar fyrir ferðaþjónustu (meðaltal 3,7) en þeir sem spurðir voru í Dyradal og í Reykjadal

(meðaltal 3,4 í báðum tilfellum) ($p < 0,001$). Tími dags hefur líka áhrif á afstöðu svarenda. Þeir sem koma eftir klukkan 14.00 og fram á kvöld sjá minna nýsköpunargildi af virkjunum en þeir sem koma frá morgni og til 14.00 (meðaltal 3,4 á móti 3,6; $p < 0,01$).

Næst var spurt hvort svarendur væru sammála eða ósammála því að „virkjun á Hellisheiði/Hengli og uppbygging ferðapjónustu í nágrenninu fari vel saman“. Tafla 18 sýnir að svarendur voru því frekar sammála.

Tafla 18: Virkjun á Hellisheiði/Hengli og uppbygging ferðapjónustu í nágrenninu fara vel saman

		Fjöldi	Mjög ósammála (1)	Frekar ósammála (2)	Hvorki né (3)	Frekar sammála (4)	Mjög sammála (5)	Meðaltal (1)-(5)
		N	%	%	%	%	%	
	Fjöldi	1080	4,6%	10,6%	33,3%	37,3%	14,1%	3,5
Kyn	Kona	498	4,8%	9,6%	33,7%	39,4%	12,4%	3,5
	Karl	567	4,6%	11,5%	33,0%	35,8%	15,2%	3,5
Þjóðerni	Ísland	219	9,6%	16,0%	30,6%	30,1%	13,7%	3,2
	Þýskaland	129	4,7%	14,7%	33,3%	40,3%	7,0%	3,3
	Frakkland	120	2,5%	7,5%	45,0%	39,2%	5,8%	3,4
	Sviss/Austurríki	38	5,3%	10,5%	36,8%	31,6%	15,8%	3,4
	Benelúxlöndin	48	8,3%	16,7%	31,3%	37,5%	6,3%	3,2
	Vísegrád löndin	37	5,4%	5,4%	32,4%	48,6%	8,1%	3,5
	Ítalía/Spánn	56	0,0%	8,9%	26,8%	48,2%	16,1%	3,7
	Norðurlöndin	64	1,6%	12,5%	32,8%	39,1%	14,1%	3,5
	Bretland/Írland	57	3,5%	3,5%	38,6%	35,1%	19,3%	3,6
	Bandaríkin/Kanada	218	2,3%	6,0%	31,2%	38,1%	22,5%	3,7
	Önnur lönd	81	4,9%	11,1%	32,1%	38,3%	13,6%	3,4
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	267	7,9%	14,2%	28,8%	34,5%	14,6%	3,3
	Nei	795	3,5%	9,6%	35,0%	38,0%	14,0%	3,5
Staðsetning	Dyradalur	334	7,2%	9,6%	38,3%	32,3%	12,6%	3,3
	Nesjavöllir	361	2,8%	8,9%	27,1%	43,2%	18,0%	3,7
	Reykjadalur (Ölkelduhúsið)	382	4,2%	13,1%	34,6%	36,4%	11,8%	3,4

Almennt voru svarendur á því að virkjun og ferðapjónusta á svæðinu færu vel saman. Margir tóku þó ekki afstöðu til fullyrðingarinnar en þó var marktækur munur eftir þjóðerni ($p < 0,001$), hvort fólk hafi komið áður á svæðið ($p < 0,05$) og eftir því hvar var spurt. Þannig voru Íslendingar, Benelúxbúar og Þjóðverjar síður sammála fullyrðingunni en aðrir. Sama má segja um þá sem höfðu komið áður á svæðið (meðaltal 3,3) samanborið við þá sem ekki höfðu komið áður (meðaltal 3,5) ($p < 0,05$). Þeir sem spurðir voru á Nesjavöllum voru frekar sammála því að vel færi á sambúð virkjunar og ferðapjónustu (meðaltal 3,7), samanborið við þá sem spurðir voru í Dyradal (meðaltal 3,3) og í Reykjadal (meðaltal 3,4) ($p < 0,001$).

Í þriðja lagi var spurt hvort gestir væru sammála eða ósammála því að „jarðvarmavirkjanir séu betri kostur en vatnsaflsvirkjanir“. Tafla 19 sýnir að svarendur voru því frekar sammála.

Tafla 19: Jarðvarmavirkjanir eru betri kostur en vatnsaflsvirkjanir

		Fjöldi	Mjög ósammála (1)	Frekar ósammála (2)	Hvorki né (3)	Frekar sammála (4)	Mjög sammála (5)	Meðaltal (1) - (5)
		N	%	%	%	%	%	(1) - (5)
	Fjöldi	1067	1,6%	3,3%	32,5%	33,7%	28,9%	3,9
Kyn	Kona	490	1,4%	1,2%	35,7%	33,7%	28,0%	3,9
	Karl	562	1,8%	5,0%	30,1%	34,0%	29,2%	3,8
Þjóðerni	Ísland	218	3,7%	9,6%	47,2%	25,7%	13,8%	3,4
	Þýskaland	126	2,4%	2,4%	26,2%	50,0%	19,0%	3,8
	Frakkland	120	0,0%	0,0%	20,0%	43,3%	36,7%	4,2
	Sviss/Austurríki	37	0,0%	2,7%	32,4%	43,2%	21,6%	3,8
	Benelúxlöndin	46	0,0%	6,5%	28,3%	39,1%	26,1%	3,9
	Visegrád löndin	34	0,0%	2,9%	23,5%	35,3%	38,2%	4,1
	Ítalía/Spánn	56	0,0%	0,0%	33,9%	25,0%	41,1%	4,1
	Norðurlöndin	64	0,0%	1,6%	25,0%	29,7%	43,8%	4,2
	Bretland/Írland	58	3,4%	1,7%	41,4%	34,5%	19,0%	3,6
	Bandaríkin/Kanada	214	0,9%	0,5%	33,2%	26,6%	38,8%	4,0
	Önnur lönd	81	2,5%	3,7%	25,9%	38,3%	29,6%	3,9
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	265	2,3%	7,9%	38,9%	28,7%	22,3%	3,6
	Nei	784	1,4%	1,7%	30,2%	35,6%	31,1%	3,9

Marktækur munur er á afstöðu svarenda til þess hvort jarðvarmavirkjun sé betri kostur en vatnsaflsvirkjun. Munur er eftir þjóðerni ($p < 0,001$) og hvort fólk hafi komið áður á svæðið ($p < 0,001$). Einnig er marktækur munur eftir dvalarlengd ($p < 0,01$), úrtaksstað ($p < 0,001$) og tíma dags ($p < 0,05$). Þannig má ráða af töflu 19 að þó svarendur séu almennt frekar sammála því að jarðvarmavirkjun sé betri kostur en vatnsaflsvirkjun eru Íslendingar, Bretar og Írar frekar á báðum áttum. Sama má segja um þá sem hafa komið áður á svæðið (meðaltal 3,6) samanborið við þá sem ekki höfðu komið áður (meðaltal 3,9). Tafla 20 sýnir svo að þeir sem dvelja skemmst, þeir sem eru spurðir í Dyradal og þeir sem koma seinnipart dags eru líklegri til að vera á báðum áttum um kosti jarðvarmavirkjana umfram vatnsaflsvirkjanir.

Tafla 20: Jarðvarmavirkjanir eru betri kostur en vatnsaflsvirkjanir, eftir staðsetningu, dvalarlengd og tíma dags

		Fjöldi	Mjög ósammála (1)	Frekar ósammála (2)	Hvorki né (3)	Frekar sammála (4)	Mjög sammála (5)	Meðaltal (1) - (5)
		N	%	%	%	%	%	(1) - (5)
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	440	2,0%	4,1%	38,2%	29,5%	26,1%	3,7
	4-12 klst	401	1,2%	3,2%	28,7%	36,7%	30,2%	3,9
	13 klst eða fleiri	218	0,9%	1,4%	28,9%	35,8%	33,0%	4,0
Staðsetning	Dyradalur	327	3,4%	4,9%	35,5%	31,8%	24,5%	3,7
	Nesjavellir	357	0,8%	3,9%	32,5%	33,6%	29,1%	3,9
	Reykjadalur (Ölkelduh)	381	0,8%	1,3%	29,9%	35,4%	32,5%	4,0
Tími dags	10:00-14:00	542	1,5%	3,1%	28,6%	36,0%	30,8%	3,9
	14:00-22:00	523	1,7%	3,4%	36,5%	31,4%	27,0%	3,8

Þessarar spurningar var einnig spurt í könnun Rögnvaldar Guðmundssonar á áhrifum jarðvarmavirkjunar á Hellisheiði á útivist og ferðaþjónustu árið 2003. Þar sögðust 43-72% svarenda vera sammála fullyrðingunni að ofan. Á hinn bóginn voru 20% þátttakenda í vettvangskönnun sem framkvæmd var á höfuðborgarsvæðinu ósammála því að virkjunin myndi auka nýsköpunarmöguleika í ferðaþjónustu. Karlar voru fremur sammála fullyrðingunum en konur og eldra fólk fremur en það yngra.

Til athugunar, þá var röng þýðing á spurningu í töflu 19 í franska spurningalistanum. Þar var ekki fullyrðingin: „jarðvarmavirkjanir eru betri kostur en vatnsaflsvirkjanir,“ heldur „uppbygging jarðvarmaorku er betri en uppbygging annarra orkukosta.“ Þetta er tæpast samanburðarhæf spurning á milli landa, þar sem ekkert í þessari spurningu beinir athyglinni að vatnsafl, heldur er allt undir: kol, gas, kjarnorka o.s.frv.

Í fjórða lagi var spurt hvort svarendur væru sammála eða ósammála eftirfarandi fullyrðingu: „Það er rétt að nýta gufuafli á Hengilssvæðinu til raforkuframleiðslu“ (tafla 21).

Tafla 21: Það er rétt að nýta gufuafli á Hengilssvæðinu til raforkuframleiðslu

		Fjöldi	Mjög ósammála (5)	Frekar ósammála (4)	Hvorki né (3)	Frekar sammála (2)	Mjög sammála (1)	Meðaltal (5) - (1)
		N	%	%	%	%	%	
	Fjöldi	1068	2,2%	3,2%	21,7%	36,6%	36,3%	4,0
Kyn	Kona	494	2,6%	2,4%	23,1%	37,9%	34,0%	4,0
	Karl	560	2,0%	3,9%	20,4%	35,5%	38,2%	4,0
Þjóðerni	Ísland	217	6,0%	7,4%	27,2%	38,2%	21,2%	3,6
	Þýskaland	131	2,3%	0,8%	4,6%	56,5%	35,9%	4,2
	Frakkland	123	0,8%	0,0%	20,3%	38,2%	40,7%	4,2
	Sviss/Austurríki	38	0,0%	0,0%	7,9%	34,2%	57,9%	4,5
	Benelúxlöndin	48	0,0%	2,1%	20,8%	33,3%	43,8%	4,2
	Visegrád löndin	35	8,6%	8,6%	31,4%	22,9%	28,6%	3,5
	Ítalía/Spánn	56	0,0%	1,8%	25,0%	46,4%	26,8%	4,0
	Norðurlöndin	63	0,0%	7,9%	25,4%	28,6%	38,1%	4,0
	Bretland/Írland	56	3,6%	5,4%	25,0%	32,1%	33,9%	3,9
	Bandaríkin/Kanada	211	0,5%	0,9%	24,6%	26,1%	47,9%	4,2
	Önnur lönd	77	1,3%	2,6%	23,4%	40,3%	32,5%	4,0
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	265	4,9%	5,3%	21,5%	37,0%	31,3%	3,9
	Nei	786	1,4%	2,5%	21,8%	36,5%	37,8%	4,1
Starf	Nemandi	167	0,6%	2,4%	18,0%	35,9%	43,1%	4,2
	Stjórnunarstörf	132	1,5%	2,3%	22,0%	38,6%	35,6%	4,1
	Sérfræðingur	372	2,7%	3,2%	24,5%	38,7%	30,9%	3,9
	Annað starf	382	2,6%	3,7%	20,4%	34,8%	38,5%	4,0

Almennt voru svarendur frekar sammála því að rétt væri að nýta gufuafli á svæðinu til raforkuframleiðslu. Íslendingar og íbúar Visegrád landanna skáru sig þó marktækt ($p < 0,001$) frá öðrum hópum hvað varðar efasemdir um réttmæti fullyrðingarinnar. Marktækur munur reyndist einnig á afstöðu eftir því hvort fólk hafi komið áður á svæðið ($p < 0,01$), eftir starfi ($p < 0,05$), dvalarlengd ($p < 0,05$) og úrtaksstað ($p < 0,001$).

Tafla 22 sýnir að þeir sem dvelja skemmst og eru í Dyradal eða Reykjadal eru ögn líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni um rétt sé að nýta gufuaflið.

Tafla 22: Það er rétt að nýta gufuafl á Hengilssvæðinu til raforkuframleiðslu: Staðsetning og dvalarlengd

		Fjöldi	Mjög ósammála (5)	Frekar ósammála (4)	Hvorki né (3)	Frekar sammála (2)	Mjög sammála (1)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(5) - (1)
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	434	3,0%	3,7%	24,0%	35,0%	34,3%	3,9
	4-12 klst	407	2,2%	4,2%	19,9%	37,3%	36,4%	4,0
	13 klst eða fleiri	220	0,5%	0,5%	20,5%	39,1%	39,5%	4,2
Staðsetning	Dyradalur	327	2,8%	4,0%	23,9%	39,1%	30,3%	3,9
	Nesjavellir	352	1,4%	1,7%	17,3%	34,9%	44,6%	4,2
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	386	2,6%	3,9%	24,1%	35,8%	33,7%	3,9

Þessarar spurningar var einnig spurt í könnun Rögnvaldar Guðmundssonar á áhrifum jarðvarmavirkjunar á Hellisheiði á útivist og ferðaþjónustu árið 2003 (bls. II). Þar sögðust 72-85% Íslendinga sem tóku afstöðu vera sammála því að nýta ætti gufuaflið á Hellisheiði til raforkuframleiðslu.

Fjórða spurningin í spurningalistanum og sú síðasta sem snýr að upplifun svæðisins varðar almennt viðhorf til virkjunar gufuafls á hálendi sem og láglandi, t.d. hér (á Hengilssvæðinu). Tafla 23 sýnir að svarendur eru á báðum áttum með frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á hálendinu.

Tafla 23: Viðhorf til frekari uppbyggingar jarðavarmavirkjana á hálendinu

	Fjöldi	Mjög neikvætt (1)	Frekar neikvætt (2)	Hvorki né (3)	Frekar jákvætt (4)	Mjög jákvætt (5)	Meðaltal (1)-(5)	
	N	%	%	%	%	%		
Fjöldi	1100	6,9%	16,4%	33,8%	29,6%	13,3%	3,3	
Kyn	Kona	511	7,0%	15,9%	36,8%	27,6%	12,7%	3,2
	Karl	575	7,0%	16,7%	31,1%	31,7%	13,6%	3,3
Þjóðerni	Ísland	237	18,6%	24,5%	23,6%	27,8%	5,5%	2,8
	Þýskaland	137	5,8%	25,5%	32,8%	28,5%	7,3%	3,1
	Frakkland	122	2,5%	12,3%	43,4%	32,0%	9,8%	3,3
	Sviss/Austurríki	35	5,7%	22,9%	25,7%	31,4%	14,3%	3,3
	Benelúxlöndin	48	0,0%	16,7%	29,2%	37,5%	16,7%	3,5
	Visegrád löndin	38	0,0%	21,1%	34,2%	31,6%	13,2%	3,4
	Ítalía/Spánn	56	5,4%	23,2%	26,8%	28,6%	16,1%	3,3
	Norðurlöndin	64	6,3%	12,5%	37,5%	21,9%	21,9%	3,4
	Bretland/Írland	58	5,2%	10,3%	37,9%	37,9%	8,6%	3,3
	Bandaríkin/Kanada	213	3,3%	6,6%	41,3%	28,6%	20,2%	3,6
	Önnur lönd	79	2,5%	8,9%	35,4%	30,4%	22,8%	3,6
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	276	16,7%	21,4%	24,6%	28,3%	9,1%	2,9
	Nei	805	3,5%	14,7%	36,6%	30,6%	14,7%	3,4
Staðsetning	Dyradalur	344	11,3%	18,3%	32,6%	27,0%	10,8%	3,1
	Nesjavellir	361	4,2%	13,6%	31,6%	32,4%	18,3%	3,5
	Reykjadalur (Ölkeldur)	393	5,6%	17,3%	36,9%	29,3%	10,9%	3,2
Tími dags	10:00-14:00	550	5,5%	14,9%	33,1%	30,5%	16,0%	3,4
	14:00-22:00	548	8,4%	17,9%	34,5%	28,6%	10,6%	3,2

Marktækur munur var á afstöðu svarenda til frekari uppbyggingar jarðavarmavirkjana á hálendinu. Munur er eftir þjóðerni ($p < 0,001$) og hvort fólk hafi komið áður á svæðið ($p < 0,001$). Einnig er marktækur munur eftir úrtaksstað ($p < 0,001$) og tíma dags ($p < 0,01$). Þannig má ráða af töflu 23 að þó svarendur séu almennt á báðum áttum eru Íslendingar og þjóðverjar í mestum vafa um ágæti frekari uppbyggingar.

Þeir sem komið hafa áður á svæðið sýna jafnframt frekari efasemdir um vænleika frekari uppbyggingar (meðaltal 2,9) samanborið við þá sem ekki höfðu komið áður (meðaltal 3,4). Einnig má sjá að þeir sem eru í Dyradal (meðaltal 3,1) eða í Reykjadal (meðaltal 3,2) eru líklegri til að vera á báðum áttum frekar en þeir sem eru á Nesjavöllum (meðaltal 3,5). Sama má segja um þá sem koma seinnipart dags og fram á kvöld (meðaltal 3,2) samanborið við þá sem koma fyrir 14.00 (meðaltal 3,4).

Tafla 24 sýnir afstöðu svarenda til frekari uppbyggingar jarðavarmavirkjana á láglendi, t.d. á Hengilssvæðinu.

Tafla 24: Afstaða til frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglandi

	Fjöldi	Mjög neikvætt (1)	Frekar neikvætt (2)	Hvorki né (3)	Frekar jákvætt (4)	Mjög jákvætt (5)	Meðaltal (1) - (5)	
	N	%	%	%	%	%		
	Fjöldi	1103	5,3%	11,1%	31,6%	36,4%	15,8%	3,5
Kyn	Kona	515	5,4%	12,6%	34,0%	33,6%	14,4%	3,4
	Karl	576	5,2%	9,5%	29,3%	38,9%	17,0%	3,5
Þjóðerni	Ísland	237	16,5%	17,7%	25,7%	33,8%	6,3%	3,0
	Þýskaland	138	0,7%	5,1%	26,1%	53,6%	14,5%	3,8
	Frakkland	121	1,7%	8,3%	38,0%	39,7%	12,4%	3,5
	Sviss/Austurríki	37	0,0%	0,0%	21,6%	48,6%	29,7%	4,1
	Benelúxlöndin	48	0,0%	14,6%	27,1%	45,8%	12,5%	3,6
	Visegrád löndin	38	0,0%	23,7%	28,9%	39,5%	7,9%	3,3
	Ítalía/Spánn	55	3,6%	10,9%	32,7%	34,5%	18,2%	3,5
	Norðurlöndin	64	6,3%	14,1%	34,4%	28,1%	17,2%	3,4
	Bretland/Írland	58	6,9%	10,3%	31,0%	36,2%	15,5%	3,4
	Bandaríkin/Kanada	216	1,9%	8,8%	38,9%	28,7%	21,8%	3,6
	Önnur lönd	78	2,6%	9,0%	34,6%	28,2%	25,6%	3,7
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	277	10,8%	16,2%	22,7%	38,6%	11,6%	3,2
	Nei	807	3,3%	9,3%	34,2%	35,8%	17,3%	3,6
Staðsetning	Dyradalur	346	9,0%	11,8%	32,7%	34,1%	12,4%	3,3
	Nesjavellir	365	2,5%	8,5%	27,7%	38,9%	22,5%	3,7
	Reykjadalur (Ölkeldur)	390	4,6%	12,8%	34,1%	36,2%	12,3%	3,4
Tímabil	31. maí - 6. júlí	370	6,5%	10,5%	38,1%	33,5%	11,4%	3,3
	7. júlí - 10. ágúst	335	4,5%	12,2%	26,9%	36,1%	20,3%	3,6
	11. ágúst - 15. september	396	4,8%	10,6%	29,3%	39,4%	15,9%	3,5

Marktækur munur var á afstöðu svarenda til frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á láglandi, t.d. á Hengilssvæðinu. Munur er eftir kyni ($p < 0,05$), þjóðerni ($p < 0,001$), hvort fólk hafi komið áður á svæðið ($p < 0,001$), úrtaksstað ($p < 0,001$) og tímabili fyrir lagnar ($p < 0,01$). Þannig má ráða af töflu 24 að þó svarendur séu almennt frekar jákvæðir gagnvart frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglandi eru Íslendingar á báðum áttum. Það á einnig við um þá sem hafa komið áður á svæðið (meðaltal 3,2) samanborið við þá sem ekki höfðu komið áður (meðaltal 3,6). Þá eru þeir sem eru í Dyradal (meðaltal 3,3) og í Reykjadal (meðaltal 3,4) líklegri til að vera á báðum áttum en þeir sem svöruðu á Nesjavöllum (meðaltal 3,7). Sama má segja um þá sem spurðir voru á fyrsta tímabili (31. maí til 6. júlí) (meðaltal 3,3) og þriðja tímabili (11. ágúst til 15. september) (meðaltal 3,5). Þeir sem voru spurðir á 2. tímabili voru með meðaltalið 3,6 og því frekar jákvæðir fyrir frekari uppbyggingu jarðvarmavirkjana á láglandi.

Samantekið eru svarendur ánægðir með dvölinu og náttúru svæðisins. Þeir telja svæðið jafnan mjög náttúrulegt, kyrrt, aðgengilegt, fallett og áhrifamikið. Afstaða svarenda til virkjana á svæðinu eru blendnari en afstaða þeirra til dvalarinnar og náttúrunnar á svæðinu. Gestir eru nokkuð sammála því að virkjun auki möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu og að greinin fari vel saman við virkjun á svæðinu. Einnig eru svarendur frekar sammála um að

jarðvarmavirkjanir séu betri kostur en vatnsaflsvirkjanir og telja rétt að nýta gufuaflið á svæðinu.

Áhrif mannvirkja og innviða á svæði

Í kjölfar úrvinnslu svara er varða upplifun á svæðinu koma næst spurningar níu til 13 úr spurningalista, þar sem spurt er um afstöðu til mannvirkja og innviða á svæðinu.

Fyrst er spurt hvort svarendur hafi tekið eftir mannvirkjum á leið sinni, já eða nei. Þorri svarenda (86,8%) tók eftir mannvirkjum á leið sinni. Marktækt ($p < 0,05$) frekar karlar (88,6%) en konur (84,6%). Svarendur yngri en 25 ára (81,1%) tóku síður eftir mannvirkjum, meðan þeir sem eldri eru fylgja almennu svarhlutfalli. Marktækur munur er á úrtaksstöðum ($p < 0,001$) en nokkru færri urðu varir við mannvirki á leið sinni um Reykjadal (77,5%) samanborið við Dyradal (90,5%) og Nesjavelli (93,8%). Einnig var marktækt ólíklegra ($p < 0,01$) að fólk yrði vart við mannvirki því skemur sem það dvaldist. Rúmlega átta af hverjum 10 (83,7%) sem dvöldust núll til þrjár klukkustundir urðu varir við mannvirki, sýnu fleiri (86,4%) ef þeir dvöldu lengur og nær allir (93,6%) sem dvöldust 13 klukkustundir eða lengur. Tafla 25 sýnir hvaða áhrif ólík mannvirki höfðu á þá sem urðu þeirra varir.

Tafla 25: Áhrif ólíkra mannvirkja á upplifun svarenda á leið um svæðið

Áhrif	Gufuleiðslur	Borholur	Framkvæmdaleifar	Raflínur	Malbikaður vegur	Borholur í blæstri	Malarvegur	Stöðvarhús	Kæliturn/ar
Mjög neikvæð	4,5%	2,3%	10,8%	8,1%	1,5%	2,4%	1,4%	2,7%	3,6%
Frekar neikvæð	21,4%	12,7%	33,9%	30,9%	7,1%	7,0%	10,9%	21,3%	18,1%
Engin áhrif	54,3%	66,3%	49,6%	52,4%	48,2%	54,0%	54,5%	58,9%	65,5%
Frekar jákvæð	14,5%	13,9%	3,8%	6,1%	27,1%	24,5%	26,7%	11,6%	8,4%
Mjög jákvæð	5,3%	5,0%	2,0%	2,5%	16,1%	12,1%	6,6%	5,5%	4,4%

Um eða yfir helmingur svarenda verður ekki fyrir neinum áhrifum af því að verða var við mannvirki á leið sinni. Helst líta svarendur neikvæðum augum á sýnilegar framkvæmdaleifar og raflínur. Stöðvarhús, kæliturnar, borholur og gufuleiðslur hafa líka frekar neikvæð áhrif, en á móti eru vegir og blásandi borholur litnar frekar jákvæðum augum.

Marktækur breytileiki í svörum er helst eftir aldri og þjóðerni, en einnig eftir því hvar spurt er. Yngsti hópurinn er jákvæðari en hinir sem eldri eru gagnvart sýnilegum mannvirkjum. Hinsvegar taka þeir sem elstir eru sömu afstöðu og þeir yngri gagnvart malbikuðum vegum, borholum í blæstri og kæliturnum. Í öllum tilfellum hallast hóparnir í átt að frekar jákvæðu viðhorfi til mannvirkjanna. Allur gangur var á afstöðu ólíkra þjóðerna til tiltekinna mannvirkja. Þar stóð ekkert sérstakt uppúr. Afstaða þeirra sem svara í Dyradal og í Reykjadal er alltaf á svipuðum slóðum, meðan þeir sem svörðu við Nesjavelli voru alltaf sýnu jákvæðari gagnvart öllum sýnilegum mannvirkjum.

Næst er spurt um áhuga svarenda á að sækja heim gestastofur vatnsafls- eða jarðvarmavirkjanna almennt. Tafla 26 sýnir að nærri einn af hverjum fjórum (24,5%) svarendum hafa á því mjög mikinn áhuga.

Tafla 26: Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á að heimsækja gestastofur vatnsafls- eða jarðvarmavirkjana?

		Fjöldi	Engann (1)	Lítinn (2)	Einhvern (3)	Frekar mikinn (4)	Mjög mikinn (5)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(1) - (5)
	Fjöldi	1089	7,3%	15,0%	16,3%	36,9%	24,5%	3,6
Kyn	Kona	512	6,6%	17,4%	17,8%	38,7%	19,5%	3,5
	Karl	577	7,8%	13,2%	15,1%	34,8%	29,1%	3,6
Þjóðerni	Ísland	236	6,4%	23,3%	30,1%	22,9%	17,4%	3,2
	Þýskaland	137	4,4%	15,3%	5,1%	44,5%	30,7%	3,8
	Frakkland	120	4,2%	12,5%	10,0%	48,3%	25,0%	3,8
	Sviss/Austurríki	39	0,0%	17,9%	7,7%	41,0%	33,3%	3,9
	Benelúxlöndin	47	8,5%	6,4%	4,3%	36,2%	44,7%	4,0
	Visegrád löndin	37	13,5%	8,1%	10,8%	51,4%	16,2%	3,5
	Ítalía/Spánn	55	12,7%	16,4%	12,7%	34,5%	23,6%	3,4
	Norðurlöndin	63	7,9%	17,5%	19,0%	31,7%	23,8%	3,5
	Bretland/Írland	57	7,0%	12,3%	19,3%	35,1%	26,3%	3,6
	Bandaríkin/Kanada	216	10,6%	12,5%	17,1%	37,5%	22,2%	3,5
	Önnur lönd	83	6,0%	7,2%	15,7%	44,6%	26,5%	3,8
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	276	6,9%	23,2%	21,4%	26,1%	22,5%	3,3
	Nei	807	7,6%	12,1%	14,6%	40,5%	25,2%	3,6

Marktækur munur var á áhuga svarenda á heimsóknnum í gestastofur virkjana. Munur er eftir kyni ($p < 0,05$), þjóðerni ($p < 0,001$) og því hvort fólk hafi komið áður á svæðið ($p < 0,01$). Þannig má ráða af töflu 26 að þó svarendur hafi frekar eða mikinn áhuga eru karlar sýnu líklegri en konur til að hafa áhuga. Íslendingar, Ítalir og Spánverjar eru ólíklegri en aðrar þjóðir til að hafa áhuga, sem og þeir sem komið hafa áður á svæðið.

Þriðja spurning í hópi spurninga sem taka til afstöðu til mannvirkja á svæðinu snéri að afstöðu svarenda til nokkurra tegunda mannvirkja á svæðinu, óháð því hvort þeir hafi orðið varir við slík mannvirki á ferð sinni um svæðið. Tafla 27 tekur saman með líkum hætti og tafla 25 niðurstöður um hve æskileg, eða óæskileg mannvirkin eru.

Tafla 27: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu?

Mannvirki	Samtals óæskilegt	Mjög óæskileg	Frekar óæskileg	Ásættanleg	Frekar æskileg	Mjög æskileg	Samtals æskilegt
Borholur	16,5%	4,3%	12,2%	53,4%	21,3%	8,9%	30,2%
Fjarskiptamöstur	33,9%	13,8%	20,1%	48,6%	12,9%	4,7%	17,6%
Gufuleiðslur	19,3%	4,1%	15,2%	48,0%	22,4%	10,2%	32,6%
Jarðvarmavirkjanir	15,7%	4,4%	11,3%	43,2%	26,4%	14,7%	41,1%
Raflínur	34,5%	10,0%	24,5%	41,1%	17,6%	6,8%	24,4%
Óuppbyggðir malarvegir	12,5%	3,4%	9,1%	37,2%	34,6%	15,6%	50,2%
Uppbyggðir malarvegir	11,5%	3,2%	8,3%	36,9%	36,6%	15,1%	51,7%
Heilsársvegir	13,1%	4,1%	9,0%	31,6%	28,4%	26,9%	55,3%
Hótel	39,0%	15,7%	23,3%	31,0%	20,7%	9,3%	30,0%
Vindmyllur	34,3%	14,3%	20,0%	30,6%	22,4%	12,6%	35,0%
Verslanir/ veitingastaðir	33,5%	13,2%	20,3%	30,0%	24,3%	12,2%	36,5%
Gestastofa	16,9%	6,3%	10,6%	29,7%	33,8%	19,6%	53,4%
Bensínstöðvar	37,3%	18,0%	19,3%	28,4%	23,4%	10,9%	34,3%
Framkvæmdaleifar	65,9%	35,0%	30,9%	26,1%	5,0%	3,0%	8,0%
Vegir með bundnu slitlagi	14,3%	4,5%	9,8%	25,6%	33,8%	26,3%	60,1%
Tjaldsvæði	11,5%	4,1%	7,4%	25,3%	37,1%	26,2%	63,3%
Fjallaskálar	7,1%	2,7%	4,4%	25,0%	39,7%	28,2%	67,9%
Skilti	7,0%	2,3%	4,7%	23,3%	35,0%	34,7%	69,7%
Salerni	9,2%	2,9%	6,3%	23,3%	37,8%	29,6%	67,4%

Gróft séð má skipta töflu 27 í tvo dálka. Annarsvegar mannvirki sem talin eru æskileg af þorra svarenda og hinsvegar mannvirki sem ekki eru talin æskileg af þorra svarenda. Tafla 28 sýnir þessa tvo dálka og hvaða mannvirki falla í hvorn flokk ef horft er til þess að samtala þeirra sem óæskileg eða æskileg fer yfir 33%.

Tafla 28: Óæskileg og æskileg mannvirki á svæðinu að mati svarenda

Óæskileg mannvirki	Æskileg mannvirki
Raflínur	Óuppbyggðir malarvegir
Vindmyllur	Uppbyggðir malarvegir
Hótel	Vegir með bundnu slitlagi
Verslanir/veitingastaðir	Heilsársvegir
Bensínstöðvar	Skilti
Framkvæmdaleifar	Jarðvarmavirkjanir
Fjarskiptamöstur	Vindmyllur
	Fjallaskálar
	Tjaldsvæði
	Verslanir/veitingastaðir
	Bensínstöðvar
	Salerni
	Gestastofa

Sjá má að vindmyllur, bensínstöðvar, verslanir og veitingastaðir falla í báða flokka og þannig skiptar skoðanir um hvort þær teljist æskilegar eður ei (tafla 28). Borholur og gufuleiðslur falla utan við þessa skiptingu, bæði naumlega þó og teljast heldur æskilegar ef horft er til viðhorfa svarenda.

Í öllum tilfellum er marktækur munur ($p < 0,001$) eftir þjóðerni á afstöðu til þess hvað teljast æskileg mannvirki og síður æskileg. Íslendingar skera sig úr er kemur að úppbyggðum malavegum, raflinum, fjallaskálum og bensínstöðvum. Í öllum tilfellum finnst þeim þessi mannvirki síður æskileg en öðrum.

Tölur 29-31 sýna meðaltal svörunar á spurningakvarðanum 1-5. Því hærra sem meðaltalið er, því jákvæðari eru svarendur gagnvart viðkomandi mannvirkjum.

Tafla 29: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu? Þjóðerni svarenda

	Íslendingar	Þjóðverjar	Visegrád- löndin	Sviss/ Austurríki	Frakkland	Ítalía/ Spánn	Bretland/ Írland	Bandaríkin / Kanada	Meðaltal (1 - 5)
Skilti		3,6	3,5						4
Salerni			3,6	3,5					3,9
Fjallaskálar	3,5			3,6	4,3		4,4		3,9
Tjaldsvæði			4		4		4,1	4	3,7
Vegir m bundnu slitlagi		3,2	3,4						3,7
Heilsársvegir		3,1	3,4	3,3					3,7
Óuppbyggðir malarvegir	2,9								3,5
Gestastofa		2,6	3,8	2,9			3,8	3,9	3,5
Uppbyggðir malarvegir	3,3	3,1							3,5
Jarðvarmavirkjanir	3		3						3,4
Gufuleiðslur		2,9	2,6						3,2
Borholur	2,9		2,8						3,2
Verslanir/ veitingastaðir	2,7	2,6		2,6			3,7	3,5	3
Vindmyllur	2,4	2,5							3
Raflínur	2,4		2,6						2,9
Hótel	2,6	2,2		2,4		2,6			2,9
Bensínstöðvar	1,9	2,5					3,6	3,5	2,9
Fjarskiptamöstur									2,8
Framkvæmdaleifar			2,4		1,7				2,1

Helst eru það Íslendingar, Þjóðverjar og íbúar Visegrád landanna sem skera sig úr í afstöðu til mannvirkja.

Marktækur munur var einnig á afstöðu eftir því hvort fólk hafði komið áður á svæðið. Tafla 30 sýnir að þeir sem hafa komið áður hafa jafnan marktækt meira þol fyrir innviðum en þeir sem ekki hafa komið áður.

Tafla 30: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu? Komið áður eða ekki

Komið áður?	Já	Nei	Meðaltal svara
Salerni	4	3,8	3,9
Fjallaskálar	3,7	3,9	3,9
Tjaldsvæði	3,5	3,8	3,7
Uppbyggðir malarvegir	3,4	3,6	3,5
Óupbyggðir malarvegir	3,1	3,6	3,5
Jarðvarmavirkjanir	3,2	3,4	3,4
Verslanir/veitingastaðir	2,8	3,1	3
Vindmyllur	2,5	3,2	3
Raflínur	2,6	3	2,9
Hótel	2,6	2,9	2,9
Bensínstöðvar	2,2	3,1	2,9
Fjarskiptamöstur	2,6	2,8	2,8
Framkvæmdaleifar	1,9	2,2	2,1

Að öllu jöfnu var marktækur munur á afstöðu til mannvirkja á svæðinu eftir því hvar var spurt (tafla 31).

Tafla 31: Hvað finnst þér um eftirtalin mannvirki á svæðinu. Staðsetning könnunar

Staðsetning	Dyradalur	Nesjavellir	Reykjadalur	Meðaltal svara
Skilti	3,9	4,1	3,9	4
Heilsársvegir	3,7	4	3,4	3,7
Vegir með bundnu slitlagi	3,7	3,9	3,5	3,7
Jarðvarmavirkjanir	3,2	3,6	3,3	3,4
Gufuleiðslur	3,2	3,4	3,1	3,2
Borholur	3	3,4	3,1	3,2
Verslanir/veitingastaðir	2,9	3,1	3	3
Vindmyllur	2,8	3,1	3,1	3
Raflínur	2,8	3,1	2,8	2,9
Bensínstöðvar	2,7	3	3	2,9
Fjarskiptamöstur	2,7	2,9	2,7	2,8
Framkvæmdaleifar	2	2,2	2,1	2,1

Í nokkrum tilfellum mátti einnig sjá marktækan mun á afstöðu til mannvirkja eftir aldri. Þar sem það var um að ræða skáru sig úr annað hvort elsti eða yngsti aldurshópurinn, eða báðir.

Fjórða spurningin í hópi spurninga um afstöðu til mannvirkja á svæðinu snéri að því hvort svarendur teldu einhverja innviði vanta fyrir ferðamenn á Hengilssvæðinu. Þorri svarenda (83,6%) telur svo ekki vera, en mikinn marktækan mun má sjá eftir þjóðerni ($p < 0,001$), hvort

fólk hafi komið áður á svæðið ($p < 0,001$), hve lengi það dvaldist ($p < 0,001$) og hvar það var spurt ($p < 0,01$). Tafla 32 sýnir að Íslendingar eru síst á því að innviði skorti á Hengilssvæðinu en einnig eru þeir sem komið höfðu áður, þeir sem dvelja styst og þeir sem eru spurðir í Dyradal og á Nesjavöllum síður en aðrir á því að innviði skorti.

Tafla 32: Vantar einhver innviði fyrir ferðamenn á Hengilssvæðinu?

		Fjöldi	Já	Nei
		N	%	%
	Fjöldi	663	16,4%	83,6%
Kyn	Kona	306	16,0%	84,0%
	Karl	349	16,6%	83,4%
Þjóðerni	Ísland	117	43,6%	56,4%
	Þýskaland	105	6,7%	93,3%
	Frakkland	61	4,9%	95,1%
	Svíss/Austurríki	33	12,1%	87,9%
	Benelúxlöndin	32	15,6%	84,4%
	Visegrád löndin	19	26,3%	73,7%
	Ítalía/Spánn	33	6,1%	93,9%
	Norðurlöndin	36	13,9%	86,1%
	Bretland/Írland	44	11,4%	88,6%
	Bandaríkin/Kanada	126	11,1%	88,9%
	Önnur lönd	50	14,0%	86,0%
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	157	31,2%	68,8%
	Nei	493	11,4%	88,6%
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	264	23,5%	76,5%
	4-12 klst	264	13,3%	86,7%
	13 klst eða fleiri	132	9,1%	90,9%
Staðsetning	Dyradalur	190	20,5%	79,5%
	Nesjavellir	212	20,3%	79,7%
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	260	10,4%	89,6%

Svarendum var boðið að koma með ábendingar um innviði sem þeir teldu vanta. Alls voru 85 atriði nefnd, oft það sama. Flestum fannst vanta salerni, því næst nefndu svarendur skort á skiltum og upplýsingagjöf. Betri vegir, stígar og bílastæði komu þar á eftir, en einnig fannst svarendum vanta veitingastaði og ruslafötur. Þá voru tjaldsvæði, hótél, bensínstöðvar, farsímasamband og útigrill nefnd og tveir nefndu að hótél á staðnum væru of dýr.

Síðasta spurningin í hópi spurninga um afstöðu til mannvirkja á svæðinu snérist um hvaða áhrif sú staðreynd að búið er að virkja á Henglinum, hafi á áhuga svarenda á því að stunda útivist á svæðinu?

Þorra svarenda fannst það engin áhrif hafa (66,9%), aðeins 11% fannst það neikvætt en 22,1% fannst það frekar eða mjög jákvætt. Ekki var marktækur munur á svörum nema eftir úrtaksstað. Tafla 33 sýnir að svarendur á Nesjavöllum eru líklegri til að svara því að sú staðreynd að búið er að virkja á Henglinum hafi frekar eða mjög jákvæð áhrif á áhuga þeirra á að stunda útivist á svæðinu, samanborið við þá sem svara í Dyradal og í Reykjadal.

Tafla 33: Hvaða áhrif hefur sú staðreynd að búið er að virkja á Henglinum á áhuga þinn á því að stunda útivist á svæðinu?

		Fjöldi	Mjög neikvætt (1)	Frekar neikvætt (2)	Engin áhrif (3)	Frekar jákvætt (4)	Mjög jákvætt (5)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	
	Fjöldi	996	1,0%	10,0%	66,9%	15,1%	7,0%	3,2
Kyn	Kona	459	0,9%	9,6%	69,1%	14,4%	6,1%	3,2
	Karl	524	1,1%	10,7%	64,5%	15,6%	8,0%	3,2
Staðsetning	Dyradalur	318	1,3%	10,1%	71,4%	11,9%	5,3%	3,1
	Nesjavöllir	336	0,6%	9,2%	56,5%	22,6%	11,0%	3,3
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	339	1,2%	10,9%	72,6%	10,6%	4,7%	3,1

Ljóst má vera að sú staðreynd að búið er að virkja á Henglinum hefur engin áhrif á áhuga flestra svarenda á áhuga þeirra á að stunda þar útivist.

Samantekið má segja um spurningar um afstöðu til mannvirkja á svæðinu að þó þorri svarenda hafi tekið eftir mannvirkjum á leið sinni, verður um eða yfir helmingur svarenda ekki fyrir neinum áhrifum vegna þess. Helst eru sýnilegar framkvæmdaleifa og raflínur litnar neikvæðum augum. Gestir eru áhugasamir um að sækja heim gestastofur vatnsafls- eða jarðvarmavirkjanna almennt og þá væntanlega einnig þá sem er á svæðinu. Svarendur töldu raflínur, vindmyllur, hótél, verslanir/veitingastaðir, bensínstöðvar, framkvæmdaleifar og fjarskiptamöstur til óæskilegra mannvirkja. Þorri svarenda taldi enga innviði vanta fyrir ferðamenn á Hengilssvæðinu, en þar má sjá mikinn marktækan mun eftir þjóðerni, hvort fólk hafi komið áður á svæðið, hve lengi það dvaldist og hvar það var spurt. Þar skera Íslendingar sig úr ásamt þeim sem komið höfðu áður, þeim sem dvelja styst og þeim sem eru spurðir í Dyradal eða í Reykjadal. Í öllum tilfellum telja svarendur að innviði vanti og þá helst salerni, upplýsingar og að bæta stíga eða vegi.

Hengilssvæðið sem víðerni

Síðasta afstöðumengið snýr að spurningum 14 til 17 og varða hugmyndir um svæðið sem heimsótt er, sem víðerni eða ósnortna náttúru. Þar undir eru fjórar spurningar.

Í fyrstu spurningu er einfaldlega spurt hvort svarendum finnst víðerni/ósnortin náttúra vera hluti af aðdráttarafli svæðisins? Nær allir svarendur (97,4%) svara þessari spurningu játandi og engan mun á svörum að sjá, nema eftir kyni, starfi og staðsetningu. Marktækur ($p < 0,05$) en afar smár munur er á svörum karla og kvenna. Aðeins fleiri karlar (3,6%) en konur (1,6%)

svara spurningunni neitandi. Stjórnendur svara frekar neitandi (6%) en sérfræðingar (0,8%), nemendur (2,5%) og fólk í öðrum störfum (3,1%). Þeir sem svara á Nesjavöllum eru líklegri til að svara spurningunni neitandi (5%) samanborið við þá sem svara í Dyradal og í Reykjadal, þar sem svarhlutfall þeirra sem neita var 1,5%.

Næsta spurning snýr að tilgangi ferðalagsins og samhengi þess við viðernishugtakið. Spurt var hvort svarendur kæmu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru? Aftur eru svörin nokkuð afdráttarlaus og 88,8% svarenda segir svo vera. Nú er hinsvegar marktækur munur á svörum svarenda í öllum bakgrunnsbreytum, nema eftir starfi. Tafla 34 sýnir svörin og hvernig þau greinast niður á bakgrunnsbreytur.

Tafla 34: Komstu á þetta svæði til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru?

		Fjöldi	Já	Nei
		N	%	%
	Fjöldi	1040	88,8%	11,2%
Kyn	Kona	497	93,0%	7,0%
	Karl	532	85,0%	15,0%
Aldur	25 ára og yngri	198	91,9%	8,1%
	26 - 35 ára	236	87,7%	12,3%
	36 - 45 ára	180	92,2%	7,8%
	46 - 55 ára	219	88,1%	11,9%
	56 - 65 ára	125	88,8%	11,2%
	66 ára og eldri	68	75,0%	25,0%
Þjóðerni	Ísland	218	83,0%	17,0%
	Þýskaland	132	87,1%	12,9%
	Frakkland	123	83,7%	16,3%
	Sviss/Austurríki	32	81,3%	18,8%
	Benelúxlöndin	45	88,9%	11,1%
	Visegrád löndin	36	94,4%	5,6%
	Ítalía/Spánn	53	92,5%	7,5%
	Norðurlöndin	59	93,2%	6,8%
	Bretland/Írland	57	91,2%	8,8%
	Bandaríkin/Kanada	199	96,0%	4,0%
Önnur lönd	74	87,8%	12,2%	
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	252	82,1%	17,9%
	Nei	772	90,7%	9,3%
Hversu marga klst á svæðinu	0-3 klst	418	84,9%	15,1%
	4-12 klst	401	91,3%	8,7%
	13 klst eða fleiri	215	91,2%	8,8%
Staðsetning	Dyradalur	325	89,8%	10,2%
	Nesjvellir	331	81,3%	18,7%
	Reykjadalur (Ölkelduháls)	382	94,5%	5,5%

Eins og lesa má úr töflu 34 þá eru karlar marktækt ($p < 0,001$) líklegri en konur til að svara þessu neitandi. Þeir sem eru 66 ára og eldri eru marktækt ($p < 0,01$) líklegri en yngri til að

koma ekki á svæðið til að upplifa víðerni/ósnortna náttúru. Íslendingar, Frakkar, Svisslendingar og Austurríkismenn eru marktækt ($p < 0,01$) líklegri til að svara spurningunni neitandi, sem og þeir sem hafa komið áður á svæðið ($p < 0,001$). Þeir sem dvelja skemmst ($p < 0,01$) og þeir sem svara á Nesjavöllum ($p < 0,001$) eru marktækt líklegri til að neita því að tilgangur ferðar hafi verið að upplifa víðerni.

Í þriðju spurningu er kannað hvort nálæg mannvirki, sem svarendur vita af en sjá ekki, hafi áhrif á upplifun þeirra á víðernum/ósnortinni náttúru? Svarmöguleikar voru gefnir á fimm punkta kvarða, en ljóst er að þorri svarenda telur nálæg mannvirki lítil (31,8%) sem engin (41,3%) áhrif hafa á upplifun sína af víðernum. Um fimmtungur segir þau einhver áhrif hafa (19,8%) en mun færri svara því að mannvirki sem þau viti af en sjái ekki hafi frekar mikil (4,8%) eða mikil (2,3%) áhrif á upplifun þeirra af víðerni. Marktækur munur var afstöðu til þessarar spurningar eftir þjóðerni ($p < 0,001$) og því hvort fólki hafði komið áður á svæðið. Tafla 35 sýnir þann afstöðumun.

Tafla 35: Hafa nálæg mannvirki, sem þú veist af en sérð ekki, áhrif á upplifun þína á víðernum/ósnortinni náttúru?

		Fjöldi	Engin (1)	Lítill (2)	Einhver (3)	Frekar mikil (4)	Mjög mikil (5)	Meðaltal
		N	%	%	%	%	%	(1) - (5)
	Fjöldi	1018	41,3%	31,8%	19,8%	4,8%	2,3%	2,0
Kyn	Kona	467	40,5%	32,8%	20,3%	4,9%	1,5%	1,9
	Karl	541	41,8%	31,1%	19,6%	4,6%	3,0%	2,0
Aldur	25 ára og yngri	187	44,4%	30,5%	17,1%	5,3%	2,7%	1,9
	26 - 35 ára	239	38,9%	30,5%	20,9%	6,7%	2,9%	2,0
	36 - 45 ára	178	40,4%	32,6%	21,9%	3,9%	1,1%	1,9
	46 - 55 ára	217	41,5%	33,2%	20,7%	2,8%	1,8%	1,9
	56 - 65 ára	118	40,7%	32,2%	19,5%	5,9%	1,7%	2,0
	66 ára og eldri	66	42,4%	31,8%	16,7%	4,5%	4,5%	2,0
Þjóðerni	Ísland	217	30,0%	35,9%	24,4%	6,0%	3,7%	2,2
	Þýskaland	123	30,1%	43,9%	24,4%	1,6%	0,0%	2,0
	Frakkland	113	35,4%	24,8%	29,2%	8,0%	2,7%	2,2
	Sviss/Austurríki	39	43,6%	33,3%	17,9%	5,1%	0,0%	1,9
	Benelúxlöndin	45	51,1%	22,2%	17,8%	6,7%	2,2%	1,9
	Visegrád löndin	32	25,0%	43,8%	21,9%	6,3%	3,1%	2,2
	Ítalía/Spánn	50	48,0%	24,0%	12,0%	12,0%	4,0%	2,0
	Norðurlöndin	61	55,7%	31,1%	4,9%	6,6%	1,6%	1,7
	Bretland/Írland	57	57,9%	24,6%	12,3%	1,8%	3,5%	1,7
	Bandaríkin/Kanada	192	53,1%	29,7%	15,1%	1,0%	1,0%	1,7
Önnur lönd	77	41,6%	29,9%	18,2%	6,5%	3,9%	2,0	
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	259	35,5%	34,0%	20,8%	5,8%	3,9%	2,1
	Nei	745	43,1%	30,9%	19,9%	4,6%	1,6%	1,9

Eins og sjá má eru Íslendingar, Frakkar og íbúar Visegrád landanna aðeins líklegri til að láta mannvirki sem þeir ekki sjá, en vita af, hafa áhrif á upplifun sína af víðernum, sem og þeir sem komið hafa áður á svæðið.

Síðasta spurningin um svæðið sem heimsótt er sem víðerni eða ósnortna náttúru var nokkuð viðamikil og snéri að tilteknum mannvirkjum sem mega vera til staðar án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni. Svarendur máttu merkja við eins mörg mannvirki af listanum eins og þeir vildu. Tafla 36 sýnir svörun spurningarinnar með tilliti til bakgrunnsbreyta.

Tafla 36: Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni?

		Fjöldi	Ekkert	Fjalla-skálar	Hótel	Vegir	Veg-slóðar	Girðingar	Þjónustu-miðstöðvar	Raflinur	Fjarskipta-móstur	Virkjanir	Gufu-leiðslur	Vind-myllur	Lagðir göngu-stígar	Stigar myndaðir af umferð manna og dýra
		N	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
	Fjöldi	1076	23,3%	64,3%	7,6%	27,1%	32,2%	30,4%	17,5%	12,8%	9,4%	8,7%	15,1%	14,0%	56,5%	66,4%
Kyn	Kona	501	22,0%	65,1%	6,6%	25,0%	30,5%	29,9%	15,0%	11,8%	9,6%	7,2%	15,8%	16,4%	57,1%	68,3%
	Karl	561	24,4%	63,8%	8,4%	29,1%	34,0%	31,0%	20,0%	13,9%	9,3%	10,2%	14,8%	11,4%	56,1%	64,7%
Aldur	≤ 25 ára	203	30,0%	57,6%	7,9%	28,6%	32,0%	34,0%	17,2%	16,7%	9,9%	9,9%	17,2%	21,7%	56,7%	66,0%
	26 - 35 ára	248	22,2%	64,9%	2,8%	23,8%	29,8%	31,9%	13,3%	9,7%	9,3%	8,5%	14,1%	13,7%	56,0%	65,3%
	36 - 45 ára	184	17,9%	69,6%	9,2%	27,7%	33,7%	32,6%	16,3%	14,7%	9,2%	9,2%	15,2%	12,0%	57,1%	69,0%
	46 - 55 ára	230	25,7%	64,8%	7,4%	24,3%	36,5%	31,3%	17,4%	10,4%	8,7%	6,1%	13,9%	12,6%	56,1%	68,7%
	56 - 65 ára	125	25,6%	64,0%	8,0%	30,4%	26,4%	20,0%	23,2%	7,2%	6,4%	8,0%	9,6%	9,6%	52,0%	63,2%
	66 ára ≥	71	9,9%	69,0%	18,3%	35,2%	33,8%	25,4%	23,9%	22,5%	14,1%	14,1%	25,4%	9,9%	64,8%	66,2%
Þjóðerni	Ísland	230	14,3%	60,4%	15,2%	38,7%	53,0%	38,7%	18,3%	19,6%	15,7%	13,5%	18,7%	13,0%	65,7%	62,6%
	Þýskaland	138	9,4%	73,9%	2,9%	17,4%	23,2%	33,3%	3,6%	13,8%	10,1%	9,4%	15,2%	4,3%	69,6%	82,6%
	Frakkland	122	46,7%	77,9%	6,6%	27,9%	61,5%	39,3%	4,9%	9,8%	5,7%	7,4%	12,3%	20,5%	59,0%	69,7%
	Swiss/Austurríki	38	18,4%	52,6%	2,6%	18,4%	10,5%	31,6%	0,0%	15,8%	5,3%	2,6%	15,8%	18,4%	68,4%	68,4%
	Benelúxlöndin	48	25,0%	72,9%	8,3%	29,2%	27,1%	27,1%	25,0%	6,3%	2,1%	6,3%	12,5%	4,2%	43,8%	64,6%
	Viðegráð löndin	38	13,2%	55,3%	5,3%	23,7%	10,5%	15,8%	28,9%	7,9%	5,3%	13,2%	21,1%	7,9%	28,9%	36,8%
	Ítalía/Spánn	52	26,9%	42,3%	3,8%	13,5%	13,5%	21,2%	9,6%	5,8%	9,6%	7,7%	11,5%	7,7%	38,5%	50,0%
	Norðurlöndin	62	25,8%	58,1%	3,2%	38,7%	24,2%	25,8%	27,4%	16,1%	11,3%	6,5%	17,7%	8,1%	41,9%	67,7%
	Bretland/Írland Bandaríkin	53	26,4%	71,7%	9,4%	22,6%	30,2%	30,2%	26,4%	7,5%	5,7%	3,8%	9,4%	17,0%	43,4%	69,8%
	/Kanada	209	32,1%	61,2%	4,8%	26,3%	20,6%	24,9%	24,9%	12,0%	9,1%	7,2%	16,3%	23,0%	59,8%	68,9%
	Önnur lönd	74	17,6%	64,9%	12,2%	21,6%	17,6%	16,2%	28,4%	8,1%	4,1%	8,1%	10,8%	16,2%	39,2%	58,1%
Hefur þú ferðast áður um þetta svæði?	Já	268	19,4%	64,2%	13,8%	34,3%	48,5%	37,3%	20,1%	17,9%	14,2%	14,9%	21,3%	12,7%	64,6%	66,8%
	Nei	795	24,5%	64,7%	5,5%	24,8%	27,2%	28,4%	16,5%	11,3%	7,8%	6,7%	13,1%	14,6%	54,2%	66,8%

Sé horft til bakgrunns svarenda og afstöðu þeirra mannvirkja sem mega vera, má sjá að þeir sem tilheyra yngsta og elsta aldurshópnum eru frekar þeirrar skoðunar að ýmis mannvirki megi vera. Íslendingar og Frakkar hallast einnig frekar í þá átt, sem og þeir sem komið hafa áður og þeir sem sinna stjórnunarstörfum. Það sem stendur uppúr er að af þeim sem segja að ekkert megi vera af mannvirkjum án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni urðu þrjú af hverjum fjórum svarendum (73,7%) varir við mannvirki á leið sinni um svæðið. Samborið við að nær öllum svarendum (97,4%) finnst víðerni/ósnortin náttúra vera hluti af aðráttarafli svæðisins, er ljóst að þorri svarenda upplifir svæðið sem víðerni og ósnortna náttúru þrátt fyrir að verða varir við sýnileg mannvirki. Því er ljóst að stór hluti svarenda varð var við mannvirki á svæðinu en upplifir það engu að síður sem víðerni og/eða ósnortna náttúru.

Í töflu 37 eru svörin tekin saman í tveimur dálkum sem sýna annarsvegar hlutfall þeirra sem merktu við mannvirkni af öllum svörum og svo hinsvegar hlutdeild hvers mannvirkis af svörum.

Tafla 37: Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni? Samantekin svör

	% svarenda	% svara
Stígar myndaðir af umferð manna og dýra	66,4%	17,2%
Fjallaskálar	64,3%	16,7%
Lagðir göngustígar	56,5%	14,7%
Vegslóðar	32,2%	8,4%
Girðingar	30,4%	7,9%
Vegir	27,1%	7,0%
Þjónustumiðstöðvar	17,5%	4,5%
Gufuleiðslur	15,1%	3,9%
Vindmyllur	14,0%	3,6%
Raflínur	12,8%	3,3%
Fjarskiptamöstur	9,4%	2,4%
Virkjanir	8,7%	2,3%
Hótel	7,6%	2,0%
Ekkert	23,3%	6,0%

Helst mega fjallaskálar, lagðir göngustígar og aðrir stígar vera án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni. Um fjórðungur svarenda hakar í að ekkert megi vera án þess að hugtakið víðerni/ósnortin náttúra glati merkingu sinni.

Samantekið má segja að svarendur telji svæðið til víðerna og ósnortinnar náttúru. Þeirra tilgangur með komu á svæðið er að upplifa víðerni og ósnortna náttúru og nálæg mannvirki trufla fæsta við þá iðju. Ljóst er einnig að töluvert af ummerkjum mannvistar og mannvirki mega vera á staðnum og til taks fyrir svarendur, án þess að það spilli upplifun þeirra af svæðinu sem víðerni eða ósnortinni náttúru. Þannig eru vísbendingar um að hugmyndir svarenda um ósnortna náttúru og víðerni rími ekki endilega við orðanna hljóðan, eða hreinustu mynd þessara hugtaka. Jafnvel er það svo að meirihluti svarenda sem telja engin ummerki mannvistar né mannvirki megi vera til að víðerni/ósnortin náttúra glati ekki merkingu sinni, telja athugunarsvæðið til víðerna, þó þeir hafi orðið varir við mannvirki á ferð sinni um það.

Umræður og samantekt

Meginmarkmið könnunar á Hengilssvæðinu sumarið 2017 var að afla gagna um viðhorf tiltekinna notendahópa til framkvæmda og mannvirkja á Henglinum og áhrif þeirra á upplifun af svæðinu. Þannig er könnuninni ætlað að nýtast meðal annars til ákvarðana um framtíðaruppbyggingu Orkuveitu Reykjavíkur á svæðinu og þjónustu hennar við ólíka notendahópa.

Í heildina var 1.135 listum skilað til úrvinnslu og greiningar. Svörum var jafnt dreift milli aldurs og kynja. Langflestir komu á einkabíl á svæðið (84,5%) með fjölskyldu, ættingjum eða vinum (83,1%) og dvöldust allt að þremur klukkustundum (41,6%). Meirihluti svarenda höfðu heimsótt Reykjadal. Íslendingar þekkja svæðið en erlendir gestir eru að koma þangað í fyrsta sinn. Langflestir komu í sérstaka dagsferð frá Reykjavík en einnig frá Hveragerði og Selfossi.

Samanburður við fyrri rannsóknir

Hér á eftir verða þau svör við spurningum könnunar sem lýst hefur verið að ofan sett í samhengi við fyrri kannanir. Aldrei er fyllilega hægt að gera grein fyrir öllum mögulegum túlkunarflötum á efninu, né rýna í allan þann breytileika sem fram kom að ofan í svörum. Kjarninn er þó að reyna að skilja hvað virkjun þýðir fyrir þróun ferðamennsku og útvistar á svæðinu.

Niðurstöður könnunarinnar meðal ferðamanna á Hengilssvæðinu nú eru um margt samhljóða niðurstöðum könnunar meðal gesta við Trölladyngju á Reykjanesi, sumarið 2015 (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016). Þar segja höfundar okkur að „[á]nægja með svæðið er mikil en ríflega 80% aðspurðra voru ánægð með náttúruna og ferðina um svæðið.“ Að sama skapi telja „útvistariðkendur í kringum Trölladyngju [telja] víðerni/ósnortna náttúru vera hluti af aðdráttarafli svæðisins og koma þangað gagngert til að geta verið í slíku umhverfi“ (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016, bls. 19).

Í tilfelli Hengilssvæðisins nú er þessi ánægja 91,8% (tafla 15) og ánægja með náttúru svæðisins sambærileg eða 92,9% (tafla 16). Nærri níu af hverjum 10 (89%, tafla 33) segja þá staðreynd að búið er að virkja á Henglinum engin áhrif hafa á áhuga þeirra á að stunda útivist á svæðinu og 88,8% svarenda kom á svæðið til að upplifa víðerni og ósnortna náttúru (tafla 34). Nálæg mannvirki trufla fæsta við þá iðju. Því er ljóst að töluvert af ummerkjum mannvistar og mannvirkja mega vera á staðnum og til taks fyrir gesti, án þess að það spilli upplifun þeirra af svæðinu sem víðerni eða ósnortinni náttúru.

Við Trölladyngju á Reykjanesi má sjá fjölmörg ummerki mannvistar og virkjanaf framkvæmda, meðal annars eftir rannsóknarborholur. Það á einnig við um Hengilssvæðið allt. Þá er svæðið í kringum Blönduvirkjun og tengd miðlunarlón sannarlega manngert og raskað án þess að viðhorf ferðamanna á þeim svæðum endurspegli það (Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson, 2016). Í rýni sinni á því hvernig staðið getur á slíkri jákvæðni gagnvart svæði eins og Trölladyngju sem augljóslega ber ummerki mannvistar og er að einhverju leyti raskað benda Anna Dóra og Þorkell á að „... einhverjir hafa hætt að koma þangað eftir að rannsóknarholurnar voru boraðar“ (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell

Stefánsson, 2016, bls. 19). Með öðrum orðum, gert er ráð fyrir að eindregna náttúrusinna sé ekki lengur að finna á svæðinu og hafi þeir því ekki tekið þátt í könnun. Þau árétta ennfremur mikilvægi samanburðarrannsóknar á því hvernig ferðamennska og upplifun ferðamanna hefur breyst frá því að byrjað var að gera rannsóknarborholur á svæðinu við Trölladyngju. Í tilfalli Hengilssvæðisins er sá samanburður að nokkru leyti mögulegur þar sem hægt er að bera núverandi rannsókn við rannsókn sem gerð var á tímabilinu júlí 2001 til maí 2002 vegna fyrirhugaðrar jarðvarmavirkjunar á Hellisheiði (Rögnavalður Guðmundsson, 2003). Segja má að þar hafi orðið til viðmið við aðstæður áður en virkjun var komin á hluta svæðisins sem bera má saman við núverandi niðurstöður sem einnig hefur ákveðið fordæmisgildi fyrir, til dæmis, Trölladyngjusvæðið.

Rögnavalður Guðmundsson (2003) lýsti því að 67% svarenda í símakönnun meðal Íslendinga segðu að virkjun á Hellisheiði myndi ekki hafa áhrif á upplifun þeirra af svæðinu, 33% álitu að svo yrði og aðeins 5% lýstu því að þeir mundu koma sjaldnar ef af virkjun yrði (27% sögðu „oftar“). Núverandi gestir á svæðinu sem rætt var við sumarið 2017 og höfðu komið áður breyttu ekki ferðahegðun sinni (84%), en 9,9% segjast hafa komið oftari og 6% sjaldnar.

Rögnavalður (2003) lýsir því að 79% svarenda í símakönnun hafi einhvertímán komið að Nesjavöllum en þar var virkjað um 1990. Gera má því ráð fyrir að svarendur viti vel hvað í jarðvarmavirkjun felst. Þegar könnun var framkvæmd meðal gesta á Nesjavöllum í ágúst og september 2001 kom í ljós að „[R]úmlega helmingur Íslendinga sem afstöðu tóku og nær tveir þriðju erlendra ferðamanna töldu að virkjunin [Hellisheiði] myndi hafa áhrif á upplifun þeirra“ (bls. 33). Einnig kom fram að „[a]f þeim sem afstöðu tóku töldu flestir að virkjunin [Hellisheiði] hefði engin áhrif á komur þeirra. Um þriðjungur (24-29%) töldu hins vegar að hún hefði þau áhrif að þeir kæmu oftari á svæði en 4-10% töldu að þeir kæmu sjaldnar ef af virkjun yrði“ (bls. 33). Í könnuninni nú sagði þorri svarenda það engin áhrif hafa á sína útivist (66,9%) að búið sé að virkja á Henglinum, aðeins 11% fannst það neikvætt en 22,1% fannst það frekar eða mjög jákvætt. Jákvæðasta svörunin var á Nesjavöllum þar sem 34% svarenda töldu að virkjunin hafi jákvæð áhrif á útivist á svæðinu (tafla 33).

Könnun Rögvaldar (2003) sýndi að Íslendingar töldu rétt að fram færi uppbygging þjónustuinviða á svæðinu fyrir útivistarfólk og ferðamenn í tengslum við jarðgufuvirkjun á Hellisheiði. Í sumarkönnuninni nú á Hengilssvæðinu sýndi svörun á Nesjavöllum að svarendur töluðu þar um frekari þjónustuuppbyggingu í þágu ferðaþjónustu. Nú þegar er þar komin löng hefð á slíka þjónustu í einhverri mynd og þannig virðist sem þol sé fyrir aukinni aðstöðu þar á sama tíma og afstaða svarenda til annarra staða á Hengilssvæðinu er orðin lík þeirri og var á Nesjavöllum í könnun Rögvaldar Guðmundssonar (2003):

Hvað varðar ýmsa þjónustu sem tengst getur jarðvarmavirkjunum var mest fylgi við gönguleiðamerkingar, útsýnispall, fræðslumiðstöð og ferðir með leiðsögn sem 87-100% voru mjög eða fremur fylgjandi. Allir erlendu gestirnir töldu fræðslumiðstöð mikilvæga og 97% þeirra töldu ferðir með leiðsögn mikilvæga þjónustu (bls. 27).

Þannig virðast gestir almennt á þeirri skoðun að ef byggt er þá skuli ganga lengra í þágu útvistar og ferðaþjónustu og að þegar komin er hefð á byggingar og innviði fari þolið vaxandi þannig að meira má koma af þróaðri ferðaþjónustuinviðum sem snúa að aðgengi, greiðasölu og varningi.

Um 20% svarenda könnunarinnar á Hengilssvæðinu nú voru Íslendingar. Svör þeirra skera sig nokkuð oft úr svörum annarra þjóða. Íslendingar voru ýmist mjög fylgjandi eða mjög á móti ýmsum þáttum eins og hversu náttúrulegt svæðið væri, kostum virkjunar á svæðinu og samlegð við ferðaþjónustu. Meðaltal þeirra togast því oftar en annarra þjóða í að vera á báðum áttum. Íslendingar þekkja svæðið vel og hafa flestir komið áður og hafa þannig náð að móta sér afstöðu (e. *disposition*) umfram hina erlendu ferðamenn.

Íslendingar voru almennt sýnu neikvæðari til jarðvarmavirkjana, borholna og raflína en erlendir gestir á Hengilssvæðinu 2017 (tafla 29). Niðurstöður þolmarkarannsóknna sem unnar hafa verið á Íslandi á undanförunum árum benda raunar til þess að ferðamenn almennt séu neikvæðir gagnvart mannvirkjum sem tilheyra framleiðslu á rafmagni og flutningi þess, þar sem þau ríma ekki við þá upplifun sem fólk er að sækjast á náttúrulegum svæðum (Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gunnþóra Ólafsdóttir 2003; Anna Dóra Sæþórsdóttir o.fl., 2001; 2003; 2007). Þó var sjónarmið svarenda í könnuninni 2017 frekar jákvætt gagnvart þorra mannvirkja en síst þeim sem tengjast mikilli þjónustuvæðingu (hótel, bensínstöðvar o.fl.) (tafla 28). Hér endurspeglast mögulega núverandi umræða um virkjanir og tilgang þeirra hér á landi. Ef litið er til könnunar Rögnvaldar Guðmundssonar (2003) meðal gesta á Nesjavöllum má lesa að 52% Íslendinga og 78% erlendra ferðamanna eru fylgjandi nýtingu raforku frá jarðvarmavirkjunum til stóriðju. Ekki var spurt með sama hætti í könnun 2017 en spurt var um afstöðu til frekari uppbyggingar jarðvarmavirkjana á hálendi og láglandi. Þar kom fram að nærri 43% svarenda voru jákvæðir fyrir slíku á hálendinu (tafla 23) og rúm 52% voru jákvæðir fyrir frekari uppbyggingu á láglandi (tafla 24). Þar reyndist marktækur munur eftir þjóðerni og Íslendingar voru frekar en aðrir á báðum áttum.

Könnunin sumarið 2017 bendir til þess að lesa megi tegund “umhverfingar” úr niðurstöðunum. Umfram þá hefðbundnu túlkun að þol ferðamanna gagnvart innviðauppbyggingu stafi einfaldlega af því að gestir sem minna þol hafi séu farnir af svæðinu, má einnig segja að gestir „umhverfist“ (Páll Skúlason, 1998) í átt til þess sem umhverfið býður þeim og skapar þeim forsendur til (e. *affordances*, sjá t.d. Dennett, 2017). Með öðrum orðum, þá venjumst við umhverfi okkar og gerum það að okkar og samhliða því byggjum við frekara þol gagnvart sambærilegri uppbyggingu. Vissulega tekur áfangastaðurinn nokkrum stakkaskiptum með uppbyggingu mannvirkja tengdum virkjanaframkvæmdum en afl þeirra innviða í að móta afstöðu gesta, án þess að það sé yfirlýst, meðvitað eða skrifað á blað verðum við að skilja (Easterling, 2016). Þetta á við í smáu samhengi einstakra staða eins og Hengilssvæðisins en verður einnig að skoða í samhengi þróunar sem á sér stað á landinu öllu er kemur að uppbyggingu innviða og virkjana. Ef mark er takandi á Easterling (2016) þá er afl þeirrar uppbyggingar mikið og þungi í afstöðumyndun.

Víðerni og ferðamenn

Áleitnasta spurningin sem blasir við úr könnuninni snýr að þversögnum er varða víðernisupplifun innan um mannvistarlandslag. Fram kom í rannsókn Önnu Dóru Sæþórsdóttur og Þorkels Stefánssonar (2016) við Trölladyngju að ánægja gesta með náttúru svæðisins og dvölinna þar var minni en á ýmsum öðrum náttúruskoðunarstöðum á landinu eins og t.d. í Skagafirði og við Aldeyjarfoss þar sem rúmlega 90% eru mjög ánægð eða ánægð. Það er hinsvegar sambærilegt ánægjuhlutfall og á Hengilssvæðinu. Þegar náttúruskoðunarstaður eins og Aldeyjarfoss er borinn saman við Hengilssvæðið er ljóst að ólíku er saman að jafna hvað varðar ummerki um mannvist. Þá er spurning hvað það er sem fólk sér? Einnig er spurning eftir hvaða upplifun fólk leitar, hvað mótar afstöðu þess og væntingar. Upplifun fólks af landslagi er alltaf huglæg og háð þeim tengslum sem fólk með ólíkan bakgrunn og viðmið myndar við þann stað sem sóttur er heim hverju sinni.

Eins og rakið var í lýsingu svara hér að framan þá er ljóst að langflestir (86,8%) urðu varir við mannvirki á leið sinni um svæðið en fólk upplifir aðdráttarafl svæðisins engu að síður sem víðerni og ósnortna náttúru (97,4%) og segjast koma gagngert til að upplifa slíkt (88,8%). Þetta undirstrikar það sem Rannveig Ólafsdóttir o.fl. (2016) benda á; að hugtakið „víðerni“ er nokkuð vandsamt að eiga við og erfitt geti verið fyrir almenning að átta sig á fyrir hvað nákvæmlega hugtakið stendur í íslenskri löggjöf og þá væntanlega líka í almennu tungutaki.

Annar vandi birtist hér en það er hvernig viðhorfskvarði ferðamanna hefur hingað til verið notaður. Hann er gagnlegt greiningartæki til að átta sig á því að ferðamenn eru ólíkir og hafa ólíka hvata og væntingar til náttúru en einnig annars sem að ferðavöru og upplifun snýr. Hinsvegar rýnir hann ekki forsendur væntinga okkar og það sem mótar afstöðu okkar til einstakra staða, mannvirkja eða þátta sem til könnunar eru. Til að átta sig á þessum forsendum skiptir máli hvaða saga er sögð af samskiptum okkar við umhverfið og hvaða þýðingu umhverfið hverju sinni hefur fyrir okkur. Páll Skúlason (2015) bendir á að óbyggðir/víðerni/ósnortin náttúra séu í raun uppspretta gilda með stórkostlegri hætti en okkur er iðulega ljóst. Horfa þarf á heildargildi náttúru og mannvistar á hverju stað og á landinu öllu. Það er því ljóst að skýra þarf hugtakið víðerni í öllum sínum margbrotnu myndum og ræða hvaða fjölbreyttu gildi það getur verið uppspretta fyrir. Það er sjálfstætt athugunarefni hvernig fólk upplifir svæði, sem raskast hafa vegna mannvistar, samt sem áður sem víðerni og/eða ósnortna náttúru. Það er hinsvegar handan efnis þessarar könnunar.

Lokaorð

Upplifun ferðamanna af svæðinu var að það sé mjög náttúrulegt, kyrrt, aðgengilegt, fallett og áhrifamikið. Gestir svæðisins voru ánægðir með dvölinu og náttúru svæðisins. Afstaða svarenda til virkjana sem eru á svæðinu var frekar hlutlaus. Þá voru svarendur frekar sammála því að virkjun auki möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu og að greinin fari vel saman við virkjun á svæðinu. Einnig voru svarendur frekar sammála því að jarðvarmavirkjanir séu betri kostur en vatnsaflsvirkjanir og töldu rétt að nýta gufuaflíð á svæðinu til raforkuframleiðslu.

Þorri svarenda tók eftir mannvirkjum á leið sinni og um eða yfir helmingur svarenda sagðist ekki verða fyrir neinum áhrifum af því. Svarendur voru almennt áhugasamir um að sækja heim gestastofur vatnsafls- og jarðvarmavirkjana en töldu raflínur, vindmyllur, hótél, verslanir/veitingastaði, bensínstöðvar, framkvæmdaleifar og fjarskiptamöstur til óæskilegra mannvirkja. Svarendur vildu síður þess háttar uppbyggingu og einungis lítill hluti þeirra taldi að innviði skorti fyrir ferðamenn á Hengilssvæðinu. Þar kom þó fram mikill munur í svörum eftir þjóðerni, hvort fólk hafi komið áður á svæðið, hve lengi það dvaldist og hvar það var spurt. Þar skáru Íslendingar sig úr, ásamt þeim sem komið höfðu áður, þeim sem dvelja styst og þeim sem spurðir voru í Dyradal eða í Reykjadal. Í öllum tilfellum töldu þeir svarendur að innviði vanti og þá helst salerni, upplýsingar og að bæta þurfi stíga eða vegi. Með öðrum orðum eru það Íslendingar, þeir sem hafa komið áður og þeir sem styst dvelja, sem vilja frekari uppbyggingu þjónustuinnviða í þágu ferðamennsku.

Ferðalög okkar og ástæður þeirra eru einn stærsti vettvangur lífsskoðunar og birtingarmynd þess tilgangs sem við finnum með sjálfum okkur. Því þarf umfram það að skapa stefnumótandi viðmið um hvaða tegundir ferðamennsku skuli stefna að á ólíkum svæðum landsins einnig að átta sig á gildi svæðanna í sjálfu sér og mögulega hvaða annað gildi geti í þeim falist. Ef ákveðið er að svæði skuli ætlað til ferðamennsku og útivistar þarf að leggja drög að því hvernig það skuli eiga sér stað, helst áður en aðgengi er búið til og gestir fara að streyma á svæðið. Mat á umhverfisáhrifum vegna virkjanaframkvæmda er kemur að ferðamennsku og útivist er í dag eftirá aðgerð, eða í það minnsta gerð án þess að hafa viðmið um hvað er æskileg ferðamennska á svæðinu. Að auki þarf slíkt mat að ná með mun heildrænni hætti utan um náttúruskynjun gesta okkar handan nytjahyggju, vöruvæðingar og markaðssetningar ferðaþjónustu. Framkvæmdir þurfa að skoðast sem hluti af mun stærri mynd og ákvarðanatöku við þær einkennast af virðingu fyrir þeirri óendanlegu uppsprettu gilda sem náttúran er. Um leið þarf hún að vera nægjanlega lipur til að bregðast við því sem kemur upp á yfirborðið í ferli framkvæmda.

Það er ljóst að með athugun á viðhorfum ferðamanna á þegar röskuðum framkvæmdasvæðum eða svæðum sem fyrirhugað er að raska að þar fæst ekki annað fram en viðhorf til mannvirkja sem við sjáum eða vitum hvernig verða. Þeir sem njóta útivistar á svæðunum eða ætla sér það láta sig mannvirki engu varða í það minnsta. Hinir eru ekki með í úttekt á viðhorfum ferðamanna á hverjum stað.

Heimildir

- Anna Dóra Sæþórsdóttir (2014). *Þolmörk ferðamanna á átta vinsælum ferðamannastöðum á Suður- og Vesturlandi sumarið 2014*. Reykjavík: Ferðamálastofa.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson (2016). *Áhrif Blönduvirkjunar á upplifun ferðamanna*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa Háskóla Íslands.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Arnar Már Ólafsson, Björn Margeir Sigurjónsson og Bergþóra Aradóttir (2001). *Þolmörk ferðamennsku í Þjóðgarðinum í Skaftafelli*. Akureyri: Ferðamálaráð, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Guðrún Gísladóttir, Bergþóra Aradóttir, Arnar Már Ólafsson og Gunnþóra Ólafsdóttir (2003). *Þolmörk ferðamennsku í friðlandi á Lónsöræfum*. Akureyri: Ferðamálaráð, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Gunnþóra Ólafsdóttir (2003). *Ferðamenn í friðlöndum. Mat á félagslegum þolmörkum og samanburður á viðhorfum ferðamanna að Fjallabaki og á Lónsöræfum*. Reykjavík: Umhverfisstofnun.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (2007). *Ferðamennska við Laka*. Hornafjörður: Rit Háskólasetursins á Hornafirði.
- Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson (2016). *Viðhorf ferðamanna og útivistariðkenda til jarðvarmavirkjunar við Trölladyngju í 3. áfanga rammaáætlunar*. Land- og ferðamálafræðistofa, Líf og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Dennett, D.C. (2017). *From Bacteria to Bach and Back: The Evolution of Minds*. New York: W. W. Norton & Company.
- Easterling, K. (2016). *Extrastatecraft. The power of infrastructure space*. London: Verso.
- Gunnþóra Ólafsdóttir, Hjalti Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir (2017). *Áhrif Svartárvirkjunar í Bárðardal-Þingeyjarsveit á ferðaþjónustu og ferðamennsku/útivist*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Jón E. Jónsson (2006). *Ferðamennska á fyrirhuguðum virkjunarsvæðum á Ölkelduhálssvæði og við Hverahlíð sumarið 2006*. Reykjavík: Orkuveita Reykjavíkur, skýrsla 2006-22.
- Orkuveita Reykjavíkur (2012). *Gönguleiðir á Hengilssvæðinu og nágrenni*. Reykjavík: Orkuveita Reykjavíkur. Af https://www.or.is/sites/or.is/files/gonguleidir_a_hengilssvaedinu_og_nagrenni_0.pdf, skoðað 9. nóvember 2017.
- Páll Skúlason (1998). *Umhverfing*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Páll Skúlason (2015). *Merking og Tilgangur*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Ólafsdóttir, Anna Dóra Sæpórsdóttir, Helgi Guðmundsson, Jonathan Huck, Micael Runnström (2016). *Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálandi Íslands*. Reykjavík: Líf- og umhverfisvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Rögnvaldur Guðmundsson (2003). *Jarðvarmavirkjun á Hellisheiði. Áhrif á útivist og ferðaþjónustu – unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur*. Reykjavík: Rannsóknir & Ráðgjöf ferðaþjónustunnar.

Viðaukar

Viðauki 1: Könnun sumarið 2017	48
Viðauki 2: Framkvæmdalýsing könnunar.....	50

Viðauki 1: Könnun sumarið 2017



1

Könnun þessi er unnin af Rannsóknamiðstöð ferdamála og Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri í samvinnu við Land- og ferðamálafréttistöfu við Háskóla Íslands og er unnin fyrir Orkusveitin Reykjavíkur. Vinsamlegast miðaðu styrk þin af þá þú svaraðir sem er gífurlega á meðfylgjandi korti. Það tekur um 10-15 mínútur að svara spurningunum.

Þakka þér kærlega fyrir þátttökuna!

1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með eftirfarandi:
- | | miðg | miðg | miðg | miðg | miðg | miðg | miðg |
|--------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| | óánægð(ur) | óánægð(ur) | né | ánægð(ur) | ánægð(ur) | miðg | miðg |
| Dröllina á svæðinu | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Náttúru svæðisins | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
2. Hversu lýsandi finnst þér eftirfarandi orð fyrir svæðið á meðfylgjandi korti?
- | | miðg | frekar | hvorki né | frekar | miðg | Manngert |
|-------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Náttúrulegt | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Kytt | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Hákrætt |
| Aðgengilegt | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Óaðgengilegt |
| Falllegt | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Ljót |
| Áhrifamikil | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Áhrifalítið |
3. Hver er skoðun þin á eftirfarandi fullvörðunum?
- | | miðg | frekar | hvorki né | frekar | miðg |
|--|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| | sannmála | sannmála | ósannmála | ósannmála | ósannmála |
| Virkjun á Hellshelví/ Hengli eykur möguleika á nýsköpun í ferðaþjónustu | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Virkjun á Hellshelví/ Hengli og uppbygging ferðaþjónustu í nágrenninu fara vel saman | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Jafnaramarkaður eini betri kostur en vafnarsviðskráur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Það er rétt að rífa gufnaði á Hengli svæðinu til raforkuframleiðis | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
4. Hversu jákrætt eða neikrætt er viðhorf þitt til eftirfarandi:
- | | miðg | frekar | hvorki né | frekar | miðg |
|--|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| | neikrætt | neikrætt | ne | jákrætt | miðg |
| Frekari uppbyggingur jafnaramarkaðanna á hálendinu | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Frekari uppbyggingur jafnaramarkaðanna á hálendinu | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Frekari uppbyggingur jafnaramarkaðanna á hálendinu, t.d. hár | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
5. Hvað getur þú/ættar þú að gera á meðan dröfl þinni stendur? Vinsamlega merktu við þári en eitt afriti ef tíð á
- | | _____ klst. | Veða |
|-----------------------|--------------------------|--------------------------|
| Gönguferð | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Hestaferð | <input type="checkbox"/> | Ljósmyndun |
| Hyðlaferð | <input type="checkbox"/> | Baða mng í hetti lang |
| Skoða menningarmnjara | <input type="checkbox"/> | Tína grós/ber/þurr |
| Skoða fugla | <input type="checkbox"/> | Skoða jarðfræðifriðberni |
| Skoða plöndur | <input type="checkbox"/> | Annað: _____ |
6. Hefur þú ferðast aður um þetta svæði? Já, hve oft? _____ Nei
- Ef já: Breyttu virkjun á svæðinu þínu ferðabegðun? Já, kom oftar Já, kom sjaldnar Nei
7. Hvað dvelur/dvaldir þú lengi á svæðinu?
- | | _____ klst. | _____ klst. | _____ klst. | _____ klst. | _____ klst. |
|-------------|--------------------------|--------------|--------------------------|-------------------|--------------------------|
| 0 - 3 klst | <input type="checkbox"/> | 13 - 24 klst | <input type="checkbox"/> | 5 - 6 daga | <input type="checkbox"/> |
| 4 - 6 klst | <input type="checkbox"/> | 25 - 48 klst | <input type="checkbox"/> | 7 eða fleiri daga | <input type="checkbox"/> |
| 7 - 12 klst | <input type="checkbox"/> | 3 - 4 daga | <input type="checkbox"/> | | <input type="checkbox"/> |
8. Komst þú á/ættar þú á einhvern af eftirfarandi stöðum í þessari ferð?
- | | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
|----------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Hagarvatnangur | <input type="checkbox"/> | Maradalur | <input type="checkbox"/> | Skeggi (Vörðu-Skeggi) | <input type="checkbox"/> |
| Inastíðalur | <input type="checkbox"/> | Merill | <input type="checkbox"/> | Tjarnahákur | <input type="checkbox"/> |
| Klambiragli | <input type="checkbox"/> | Reyfisadalur | <input type="checkbox"/> | Þverárdalur | <input type="checkbox"/> |
| Köldagil | <input type="checkbox"/> | Skjalafell | <input type="checkbox"/> | Annað: _____ | <input type="checkbox"/> |
9. Tókst þú eftir mannvirkjun á leið þinni?
- | | miðg | frekar | engin áhrif | frekar | miðg |
|--------------------|--------------------------|--------------------------|--------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| | neikrætt | neikrætt | áhrif <td>jákrætt</td> <td>miðg</td> | jákrætt | miðg |
| Gufhleisalur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Boðholur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Framkræmdaleifur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Rafliður | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Málþikarður vegur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Boðholur í blæstri | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Malarvegur | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Stöðvahnis | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |
| Kælinn/ar | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> |



10. Hversu miklum eða litlum áhuga hefur þú á að heimsækja gestastofur vanaufli- eða á jarðvarnarmarkaðum?
 engann lítinn einhvern miklum mjög miklum enga skoðun
11. Hvað finnst þér um eftirlitin mannvirki á svæðinu?
 mjög óskilleg frekar óskilleg áætlan- frekar mjög veit
 reikilleg reikilleg leg reikilleg reikilleg ekki
12. Telur þú vanta einhver unnvði fyrir ferðamenn á Hengils-
 svæðinu?
 Já Nei Enga skoðun
- Ef já, hvaða: _____
13. Hvaða áhrif hefur sú staðreynd að búið er að virkja á Hengilinum á áhuga þinn á því að stunda útivist á svæðinu?
 mjög neikvæð frekar neikvæð engin áhrif frekar jákvæð mjög jákvæð enga skoðun
14. Finnst þér viðerni/ ósnortin náttúra vera hluti af aðdráttarafi svæðisins?
 Já Nei Enga skoðun
15. Komstu á þetta svæði til að upplifa viðerni/ ósnortna náttúru?
 Já Nei Enga skoðun
16. Hafa náleg mannvirki, sem þú veist af en serð elkti, áhrif á upplifun þína á viðernum/ ósnortinni náttúru?
 engin lítil einhver frekar mjög enga
 mikil mikil mikil skoðun
17. Hvað má vera til staðar af neðangreindu án þess að hugtakið viðerni/ ósnortin náttúra glati merkingu sinni? *Vinsamlegast merktu við fleira en eitt atriði ef við á*
 Elkkert Rafllanur Vindmyllur
 Fjallaskálar Fjarstíptamöstur Lagðir göngustígar
 Hótel Virkjanir Vegir
 Gurðingur Gnufleiðshur Vegslóðar
 Þjónustamiðstöðvar Súgar myndadrif af umferð manna og dýra
18. Kyn Kona Karl 19. Aldur _____ (ára)
20. Hvar býrðu (póstnúmer)? _____
21. Hvar munstu gista næstu nótt (þær)? _____
22. Hvar gafir þú síðustu nótt (þær)? _____
23. Með hverjum ferðast þú? *Vinsamlegast merktu við alla kaorti sem eiga við*
 Einn/ n á ferð Í skipulagðri hópferð Vinna-/kíbbfélögum
 Með fjölskyldunni Eftirgjafi/ vinum Öðrum, hverjum? _____
24. Hverning ferðast þú? *Vinsamlegast merktu við alla kaorti sem eiga við*
 Á eigin hönd Á motorhönd Hjólandi
 Á bílaleigubíl Gangandi Ríðandi
 Í hópféðarhl Öðrvisi, hvernig? _____
25. Við hvað starfar þú?
 Nemandi Stjórnunarstjóri Sérhæfð tækn- og iðnaðarstjóri
 Skrifstofu-/þjónustustjóri Heimavinnandi
 Öfngæðingur Eftirlitunnaþegi Sérfræðingur (læknir, lögfræðingur, kennari, o.s.frv.)
 Annað: _____

Viðauki 2: Framkvæmdalýsing könnunar

1. tímabil: 1. júní til 6. júlí

Spyrlar dreifðu spurningalistum í 13 daga á fyrsta tímabili. Úrkomusamt og kalt var á tímabilinu, sem gerði að verkum að það var tæpt að ná áætluðum fjölda svara. Greinilegur stígandi var í umferð og fjölda svara eftir því sem leið á tímabilið á öllum úrtaksstöðum. Frá 22. júní unnu tveir spyrlar saman en þá var umferðin orðin næg til að þeir gátu hjálpast að við að ná fleiri svörum en ella. Umferð datt niður eftir kl. 18 á öllum stöðum, en síst í Reykjadal.

Reykjadalur

Fyrsti dagurinn var tekinn á Ölkelduhálsi upp af Reykjadal. Þá var talið að Ölkelduháls og Reykjadalur gætu verið sitthvort svæðið, en það kom í ljós á fyrsta degi að svo var ekki. Í framhaldinu var ákveðið að ná útvistarfólki sem er ætla á Hengilinn frekar í Dyradal. Það er gott að dreifa listum í Reykjadal, fólk er afslappað, komið til að stoppa um stund og gefur sér tíma í að svara. Spyrlar dreifðu listum í fjóra daga í Reykjadal. Svarhlutfall síðasta könnunardaginn á tímabilinu var 73%.

Nesjavellir

Við undirbúning framkvæmdar var talið álitlegt að dreifa listum á bílastæði í Sleggjubeinsdal. Fyrsti dagurinn var föstudagur í blíðskaparveðri og mikil umferð útúr bænum. Úrtaksstaður stóð ekki undir væntingum, aðeins einn ferðamaður sjáanlegur allan daginn. Því var ákveðið að prófa Nesjavelli næst. Spyrlar staðsettu sig við bílastæðin við útsýnisstaðinn á Konungsbrún þar sem gott útsýni er yfir orkuvinnslusvæði Nesjavallavirkjunar. Þar var mun meiri umferð en í Sleggjubeinsdal. Fólk stoppar venjulega stutt við, fyrst og fremst til að njóta útsýnisins frá Konungsbrún. Þó eru nokkrir sem leggja á bílastæðinu til að ganga upp í gilin (Köldulaugar- og Nesjaulaugargil). Spyrlar dreifðu listum í sex daga á Nesjavöllum. Alla jafna gekk vel að dreifa listum á Nesjavöllum. Eina undantekningin á því var þegar spyrlar gerðu tilraun með að spyrja farþega í stórum rútum (40+ farþegar). Þá voru gerðar tvær tilraunir til að afhenda leiðsögumönnum í stórum rútum spurningalista til að nálgast þá síðar á skrifstofu leiðsögufyrirtækis. Það gaf ekki góða raun. Í hvorugt skiptið skiluðu listarnir sér tilbaka og í framhaldinu var ákveðið að spyrja ekki farþega í stórum rútum. Svarhlutfall var að meðaltali 76% á tímabilinu.

Dyradalur

Dyradalur skar sig úr á tímabilinu, að því leyti að þar voru mun fleiri Íslendingar en á hinum úrtaksstöðunum. Margir eru komnir þangað til að ganga, t.d. upp á Skeggja, en einnig um Sporhelludali og enn aðrir koma bara til að röltu um svæðið án þess að hafa neinn áfangastað í huga. Ennfremur eru margir með börn sem ganga rétt upp í hlíðina með nesti. Aðrir eru bara að keyra í gegnum svæðið en stoppa stutt við á bílastæðunum, gjarnan til að skoða kort af svæðinu sem eru staðsett á bílastæðunum. Svarhlutfallið var að meðaltali 77% á tímabilinu. Dyradalur er eini staðurinn þar sem svarhlutfall var mælt í öll skiptin á fyrsta tímabili.

2. tímabil: 7. júlí til 10. ágúst

Annað tímabilið var áætlað frá 7. júlí til 10. ágúst. Það reyndist hins vegar nauðsynlegt að bæta einum degi við í Dyradal og Reykjadal til að ná inn áætluðum fjölda svara. Spyrjar voru að störfum við dreifingu lista í 12 daga á öðru tímabili. Veðrið hélt áfram að setja strik í reikninginn. Spyrjar höfðu minna svigrúm til að velja vikudaga vegna þess. Sem dæmi var búið að taka frá alla helgina 14. – 16. júlí, en eini dagurinn sem var mögulegt að dreifa listum vegna veðurs þá helgi var 16. júlí.

Jafnframt var ákveðið að það borgaði sig ekki að dreifa listum á Norðurhálsunum, sem var mögulegur úrtaksstaður. Það var reynt á helgidegi í bjartviðri á háannatíma sumarfría, en þrátt fyrir það var engan að sjá á svæðinu. Þeir örfáu bílar sem villtust þar um voru forvitnir ferðamenn að athuga hvert vegurinn leiddi og komu ekki einu sinni útúr bílunum.

Reykjadalur

Góð svörun var í Reykjadal á tímabilinu og tók ekki nema tvo daga að ná svörum. Fólk þar var afslappað og veðrið frábært þá daga sem spyrjar voru þar á ferð. Svarhlutfall var að meðaltali 79% á tímabilinu.

Nesjavellir

Umferðin á Nesjavöllum er mjög breytileg og ekki á vísan að róa með svörun þar, þrátt fyrir gott útivistarveður. Spyrjar dreifðu listum í fimm daga. Lítil sem engin kvöldumferð var á Nesjavöllum á tímabilinu, en spyrjar áttu jafnvel von á að hún myndi aukast er liði á sumarið. Nesjavellir eru fyrst og fremst útsýnisstaður og vinsæll sem slíkur. Þar er frekar óalgengt að rekast á fólk sem er að dvelja í lengri tíma og ganga. Svarhlutfall var að meðaltali 63% á tímabilinu.

Dyradalur

Umferð í Dyradal er líkt og á Nesjavöllum, óútreiknanleg. Þar getur verið mjög rólegt, þrátt fyrir gott útivistarveður. Dyradalur sker sig hins vegar frá Nesjavöllum að því leyti að hann er áningastaður. Þar stoppar fólk til að fara í styttri og lengri gönguferðir. Margir stoppa þar einnig í lautarferð, í berjaleit og svo framvegis. Spyrjar reyndu eftir fremsta megni að óska eftir þátttöku fólks þegar það var á bakaleið, til að fá greinarbetri upplýsingar um hvert það fór, hversu lengi það dvaldi og hvað það dvaldi við á svæðinu. Í Dyradal náðist ekki áætlaður fjöldi svara á tímabilinu. Spyrjar dreifðu listum í fimm daga, en nauðsynlegt hefði verið að hafa sjötta daginn. Svarhlutfall var að meðaltali 86% á tímabilinu.

3. tímabil: 11. ágúst til 15. sept.

Spyrjar dreifðu listum í 17 daga á þriðja tímabili. Verulega hægðist á umferð ferðamanna frá 34. viku (21. ágúst). Á Nesjavöllum og í Dyradal fækkaði svörum um rúmlega helming, þrátt fyrir sambærilegar aðstæður (sami vikudagur og gott veður). Óhagstætt veður og róleg umferð sett strik í reikninginn á tímabilinu. Spyrjar tóku frá tvær helgar fyrir dreifingu spurningalista. Annars vegar helgina 25. – 27. ágúst og hins vegar 1. – 3. september. Báðar þessar helgar gekk óveður yfir svæðið og á endanum voru spyrjar að störfum þegar veður

leyfði. Spyrjar luku störfum við dreifingu lista í Reykjadal 5. september og á Nesjavöllum og Dyradal 8. september. Þá vantaði 6 svör úr Reykjadal og 5 svör frá Nesjavöllum miðað við áætlaðan fjölda svara fyrir þriðja tímabil, sjá nánar í töflu X. Ákveðið var í samráði við RMF að sækja ekki þau svör, enda vitað að heildarfjöldi svara væri nægur.

Reykjadalur

Spyrlar dreifðu listum í þrjú daga í Reykjadal. Síðasta daginn byrjaði að rigna seinni partinn. Það stytta ekki upp aftur og spyrill, sem og ferðamenn flúðu rigninguna. Svarhlutfall var að meðaltali 78% á tímabilinu.

Nesjavellir

Spyrlar dreifðu listum í sex daga á Nesjavöllum. Líkt og á fyrsta og öðru tímabili er umferð á Nesjavöllum afar breytileg, bæði milli daga, en einnig innan dags og erfitt að sjá fyrir hvort svörun verði góð. Kvöldumferð var áfram lítil sem engin. Athyglisverður er mikill munur á fjölda svara 23. ágúst (14 svör) miðað við vikuna á undan (36 svör). Þarna dettur umferðin á milli vikna niður svo um munar. Svarhlutfall var að meðaltali 75% á tímabilinu.

Dyradalur

Spyrlar dreifðu listum í átta daga í Dyradal. Umferð í Dyradal er, líkt og á Nesjavöllum, ófyrirsjáanleg. Fjöldi heimsókna á svæðið hrynur eftir 24. ágúst (8 svör) miðað við vikuna á undan (27 svör). Svarhlutfall var að meðaltali 73% á tímabilinu.



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

2018